

# 2020

SAMFÉLAGSSKÝRSLA



Fjarðaál  
alcoa.is



---

ÁHERSLUR ALCOA FJARÐAÁLS Í SAMFÉLAGS-  
ÁBYRGÐ ENDURSPEGLA MARKMIÐ OG STEFNU  
FYRIRTÆKISINS SEM SNÚA AÐ ÞVÍ AÐ LAGA  
STARFSEMI SÍNA AÐ HUGMYNDAFRÆÐI SJÁLF-  
BÆRRAR ÞRÓUNAR.

---

**2020** SAMFÉLAGS-  
SKÝRSLA

## EFNISYFIRLIT

<b>01</b>	<b>Um skýrsluna</b>	5
<b>02</b>	<b>Yfirlýsing framkvæmdastjórnar</b>	7
<b>03</b>	<b>Ávarp forstjóra</b>	8
<b>04</b>	<b>Stefna Alcoa Fjarðaáls um samfélagsábyrgð</b>	10
	4.1 Mannauður	10
	4.2 Umhverfi	11
	4.3 Efnahagur/virðisdeðja	11
	4.4 Samfélag	11
<b>05</b>	<b>Samfélagsmarkmið Alcoa Fjarðaáls 2020</b>	12
<b>06</b>	<b>Starfsemi Alcoa Fjarðaáls</b>	14
	6.1 Framleiðsluferli	14
<b>07</b>	<b>Umhverfismál</b>	18
	7.1 Tilkyningar	18
	7.2 Grænt bókhald	19
	7.3 Hráefnis- og auðlindanotkun	19
	7.4 Losun í andrúmsloft	23
	7.5 Flúor í grasi – umhverfisvöktun	25
	7.6 Hávaði	25
	7.7 Úrgangsmál	25
	7.8 Frárennslí	27
	7.9 Samfélagsmarkmið 2020 – árangur	27
<b>08</b>	<b>Mannauður</b>	28
	8.1 Vinnustaðurinn	30
	8.2 Kynjahlutfall og starfsmannavelta	32
	8.3 Jafnréttismál	34
	8.4 Starfs- og siðareglur	34
	8.5 Öryggi	35
	8.6 Heilsa og velferð	37
	8.7 Hlunnindi fastráðinna starfsmanna	38
	8.8 Starfsþróun og endurmenntun	38
	8.9 Samfélagsmarkmið 2020 – árangur	38
<b>09</b>	<b>Samfélag</b>	39
	9.1 Efst á baugi	39
	9.2 Hagsmunaaðilar	43
	9.3 Styrkir til góðra verka	45
	9.4 Samfélagsviðburðir og sjálfbærni	48
	9.5 Samfélagsmarkmið 2020 – árangur	48
	9.6 Sjálfbær þróun á Austurlandi	48
	9.7 Samfélagsmarkmið 2020 – árangur	48
<b>10</b>	<b>Efnahagur og virðisdeðjan</b>	49
	10.1 Almennar upplýsingar	49
	10.2 Lykiltölur	50
	10.3 Fjármögnun fyrirtækisins	50
	10.4 Samstarf við birgja	50
	10.5 Innkaupanet	52
	10.6 Samfélagsmarkmið 2020 – árangur	52
<b>11</b>	<b>Áritun endurskoðanda</b>	53
<b>12</b>	<b>GRI-yfirlitstafla</b>	54
<b>13</b>	<b>Stefnuyfirlýsing Fjarðaáls</b>	62

# 01

## UM SKÝRSLUNA

Þær mælingar sem eru birtar í skýrslunni endurspeglu helstu snertifleti starfseminnar sem skiptast í eftirfarandi kafla: Umhverfi, mannauð, samfélag, virðisdeðju og efnahag.

Alcoa Fjarðaál sf. gefur nú út samfélagskýrslu í fimmta sinn og fylgir alþjóðlegum GRI (Global Reporting Initiative Standards) staðli um samfélagsábyrgð fjórða árið í röð. Grænt bókhald fyrirtækisins er hluti af skýrslunni líkt og í fyrri skýrslum. Með árlegri útgáfu á samfélagskýrslu er fyrirtækið að auka gegnsæi í starfsemi þess sem felst meðal annars í því að gera grein fyrir árangri, stöðu verkefna og tölulegum upplýsingum um umhverfisáhrif og mótvægisáðgerðir auk áhrifa á samfélag, mannauð, efnahag og virðisdeðju.

Alcoa Fjarðaál vill vera fyrirmynd í samfélagsábyrgð og hefur markað sér stefnu sem felst meðal annars í því að draga markvisst úr umhverfisáhrifum beint frá starfseminni og í gegnum virðisdeðju félagsins, hafa jákvæð áhrif á samfélagið og stuðla að jákvæðri uppbyggingu vinnustaðarins þar sem karlar og konur fá jöfn tækifæri til að vaxa og dafna í starfi.

Alcoa Fjarðaál hefur verið aðili að Global Compact í gegnum móðurfélagið frá árinu 2009 og skrifaði fyrirtækið sjálf undir Jafnréttissáttmála UN Women árið 2012. Fyrirtækið hefur einnig verið aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð frá árinu 2014 og er þátttakandi í loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar sem felst í því að draga úr myndun úrgangs og gróðurhúsalofttegunda.

Hópur stjórnenda í fyrirtækinu hefur haldið utan um gerð skýrslunnar í samstarfi við vottaðan GRI ráðgjafa. Efnistöð skýrslunnar hafa verið skilgreind miðað við bein tengsl starfseminnar við umhverfi og samfélag, og við niðurstöður samtala við helstu hagsmunaaðila félagsins og starfsmenn. Starfsmenn hafa jafnframt verið hvattir til að taka þátt í mótun meginmarkmiða samfélagsábyrgðar félagsins.

Þær mælingar sem eru birtar í skýrslunni endurspeglu helstu snertifleti starfseminnar sem skiptast í eftirfarandi kafla: Umhverfi, mannauð, samfélag, virðisdeðju og efnahag. Stýrihópurinn vinnur eftir þessum málaflokkum en hópurinn samanstendur af nokkrum framkvæmdastjórum fyrirtækisins og starfsmönnum frá öllum ferlum þess. Að auki koma fjölmargir starfsmenn stjórn-, stoð- og framleiðsluferla að því að taka saman upplýsingar í skýrsluna.

# SAMFÉLAGS- STEFNA

Meginmarkmið samfélagsstefnu fyrirtækisins er að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi.

## 02

### YFIRLÝSING FRAMKVÆMDA- STJÓRNAR

Hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar er undirliggjandi þáttur í samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls. Meginmarkmið samfélagsstefnu fyrirtækisins er að hafa jákvæð áhrif á samfélagið og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi. Innleiðing samfélagsábyrgðar Alcoa Fjarðaáls byggir á mælanlegum markmiðum, markvissum aðgerðum og verkefnum með það að leiðarljósi að ná jafnvægi á milli starfseminnar, samfélags, umhverfis og efnahags til lengri tíma lítið. Alcoa Fjarðaál fylgir eftir gildum og leiðbeiningum móðurfélagsins Alcoa Corporation um stjórnarhætti sem stuðlar að skilvirkum stjórnarháttum á öllum sviðum félagsins. Eitt af megin gildum Alcoa eru heilindi og hvetja stjórnendur félagsins starfsmenn sína að vera opnir, heiðarlegir og um leið ábyrgir og fylgja eftir leiðbeinandi vinnureglum.

Fyrirtækið leggur áherslu á gegnsæi í samskiptum við sína starfsmenn og helstu hagsmunaaðila. Félagið fylgir eftir skýrum siðareglum og skulu allir starfsmenn fá þjálfun á því sviði til að styðja við góða siðferðilega hegðun í starfi. Félagið vinnur markvisst að því að skapa góða og uppbyggilega vinnustaðarmenningu og þjóna starfsmenn þar lykilhlutverki. Allar stefnubreytingar eru innleiddar á markvissan hátt í samstarfi við starfsmenn.

Alcoa er starfrækt viðs vegar um heiminn og leggur ríka áherslu á að fylgja vinnuferlum til að draga úr spillingu og efla gegnsæi í starfsemi félagsins. Á árinu 2020 var áfram tryggt að starfsmenn hljóti þjálfun varðandi spillingu, mútugreiðslur, mansal og persónuvernd. Hagsmunaaðilar og starfsmenn geta á auðveldan hátt tilkynnt um grun á brot á lögum í starfi gegnum svokallaða Heilindalínu (Integrity Line). Í kjölfari tilkynningar er hrint úr vör rannsókn innanhúss. Innri endurskoðandi hvers félags innan Alcoa samstæðunnar fer síðan yfir allar slíkar tilkynningar og rannsóknir. Framkvæmdastjórn Fjarðaáls leggur ríka áherslu á samvinnu við hagsmunaaðila á Íslandi, byggt á leiðbeinandi vinnureglum frá móðurfélaginu, með það að markmiði að ná betri árangri á sviði efnahags-, samfélags- og umhverfismála.

Upplýsingar sem fram koma í þessari skýrslu eru réttar og veittar samkvæmt okkar bestu vitund.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnar,



Tor Arne Berg  
forstjóri Alcoa Fjarðaáls

# 03

## ÁVARP FORSTJÓRA



### Ágæti lesandi.

Árið 2020 var um margt óvenjulegt ár. Vegna COVID-19 stóðum við frammi fyrir áskorunum sem okkur hafði aldrei órað fyrir og fyrirtæki eins og okkar urðu með litlum fyrirvara að aðlaga starfsemi sína að nýjum háttum til þess að draga úr hættunni á því að reksturinn færi úr böndunum. COVID-19 hefur haft gífurlega mikil áhrif á okkur öll, á hegðun okkar, samskiptaleiðir, vinnubrögð og boðskipti. Sumir einstaklingar og fjölskyldur þeirra hafa orðið fyrir hörmulegri reynslu sem aldrei gleymist. Við erum ekki enn laus við hættuna vegna heimsfaraldursins en starfsmenn Alcoa Fjarðaáls hafa siglt snilldarlega á milli skers og báru í þessum ókannaða ólgusjú, allir sem einn. Fyrir það er ég bæði stoltur og þakklátur.

Í þessum þrengingum tókst okkur að ná stöðugleika í kerskála, meðal annars með nýjum verkferlum og breyttu fyrirkomulagi í mönnun.

Góður árangur varðandi jafnrétti kynjanna endurspeglast í því að kynjahlutfallið meðal starfsfólks, sem var 22% konur á árinu 2019 jókst í 25% á árinu 2020. Þá hafa konur verið um 45% nýráðinna starfsmanna síðustu tvö ár.

Við innleiddum og endurbættum fjölda verkefna varðandi rafrænar lausnir til þess að hámarka afkastagetu búnaðar og starfsmanna og okkur tókst að ljúka þremur veigamiklum viðhaldsverkefnum sem tengjast allsherjar yfirhalingu í steypuskála. Á árinu fengum við tíma-bundna vottun ASI og við hlutum hæstu einkunn fyrir þá þætti sem voru teknir fyrir. Í heildina séð, þó svo að árið 2020 hafi verið á ýmsan hátt erfitt, höfum við verið yfirveguð, einbeitt og ákveðin í að ljúka því sem við einsettum okkur.

Síðustu fimm ár hefur Alcoa Fjarðaál gefið út samfélagskýrslu sem fylgir stöðlum GRI um samfélagskýrslugerð og þá fylgir félagið einnig þeim heims-markmiðum Sameinuðu þjóðanna sem samræmast starfsemi og stefnu okkar



í samfélagsábyrgð. Við einblinum á sex af þeim sautján heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun sem Sameinuðu þjóðirnar hafa innleitt. Í yfirliti yfir markmið okkar í samfélagsábyrgð 2021 má sjá hvernig heimsmarkmiðin tengjast markmiðum fyrirtækisins í samfélagsmálum.

Fjarðaál vill ganga á undan með góðu fordæmi og vera fyrirmynd annarra fyrirtækja þegar kemur að samfélagsábyrgð. Við leggjum áherslu á að vinna náðið með nærsamfélaginu og hagsmunaaðilum og gegnsæ upplýsingagjöf er mikilvæg í því sambandi. Gott dæmi um slíkt er einmitt þessi skýrsla.

Fjarðaál er eitt stærsta iðnfyrirtæki landsins. Á síðastliðnu ári flutti félagið út vörur fyrir rúma 82 milljarða króna (610M USD) og þar af urðu 31,6 milljarður króna eða 38% eftir í landinu. Þá greiddi fyrirtækið ríflega einn milljarð króna í skatta og opinber gjöld á Íslandi.

Við reyndum eftir bestu getu að hlúa að starfsfólki okkar á álagstímanum á síðasta ári en sökun samkomutakmarkana var lítið um starfsmannaskemmtanir og slíkt. Við buðum þó starfsfólki í óhefðbundið jólahlaðborð þar sem tónlistar- og skemmtidagskrá var send út í streymi frá Egilsbúð í Neskaupstað í samstarfi við starfsmannafélagið Sóma og fólk sótti sér hátíðarmat í boði fyrirtækisins og snæddi heima.

Á síðastliðnu ári höldum við áfram í vegferð okkur í jafnréttismálum og í samstarfi við alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið Empower höldum við áfram innleiðingu á Jafnréttisvísi en þar sem Covid setti strik í reikninginn þá var fundum sem áttu að vera árið 2020 frestað til 2021. Markmið Fjarðaáls hefur ávallt verið að hafa jöfn kynjahlutföll og á síðasta ári náðum við að auka hlutfall kvenna, annað árið í röð, þrátt fyrir að við eigum enn langt í land. Nú eru konur um 25% þeirra sem starfa hjá Fjarðaáli.

Samfélagskýrslan er aðgengileg rafrænt á slóðinni <https://alcoa.samfelagsskyrsla.is> en þar eru upplýsingar um samfélagsábyrgð og starfsemi fyrirtækisins aðgengilegar öllum. Enn fremur er sú leið valin að gefa skýrsluna út rafrænt til að lágmarka umhverfisspor við útgáfunu.

Hafi fólk ábendingar eða athugasemdir er velkomið að senda póst á [fjardaal@alcoa.com](mailto:fjardaal@alcoa.com).

### Njótíð lestursins.

Tor Arne Berg  
forstjóri Fjarðaáls



# 04

## STEFNA ALCOA FJARÐAÁLS UM SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Fjarðaál hefur innleitt Heimsmarkið Sameinuðu Þjóðanna og styðst við þau í samfélagsstefnu sinni.

Áherslur Alcoa Fjarðaáls í samfélagsábyrgð endurspeglar markmið og stefnu fyrirtækisins sem snúa að því að laga starfsemi sína að hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar. Meginmarkmiðið er að ná jafnvægi milli starfsemi fyrirtækisins og umhverfis-, efnahags- og samfélagslegra þátta. Frá upphafi starfseminnar hefur átt sér stað vöktun umhverfis-, samfélags- og efnahagsvísa og þeim upplýsingum verið komið á framfæri á vefsíðunni [sjalibaerni.is](http://sjalibaerni.is).

Hlutverk álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er að framleiða ál á öruggan, umhverfisvænan og hagkvæman hátt, í samræmi við kröfur starfsleyfis og gildandi lög og reglugerðir. Stefna félagsins er að einbeita sér að þessari kjarnastarfsemi og láta öðrum fyrirtækjum eftir ýmsa stoðþjónustu sem tengist rekstrinum. Á þennan hátt stuðlar Alcoa Fjarðaál

að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu. Alcoa Fjarðaál leggur ríka áherslu á að hlúa að mannauði sínum í samræmi við gildi móðurfélagsins um heilindi, árangur og umhyggju. Þá hefur Fjarðaál einnig innleitt Heimsmarkið Sameinuðu Þjóðanna og styðst við þau í samfélagsstefnu sinni.

### 4.1 MANNAUÐUR

Almenn velferð og öryggi starfsfólks eru ávallt í forgangi. Að sama skapi er lögð áhersla á helgun og þátttöku starfsfólks í starfsumhverfi sem hvetur til stöðugra umbóta og styður við þjálfun og menntun. Alcoa Fjarðaál vinnur markvisst að því að efla og auka jafnrétti og stuðla að fjölbreytileika og heilbrigðri vinnustaðarmenningu. Fyrirtækið fylgir viðmiðum Jafnréttisáttmála UN Women og UN Global

Compact og reynir ávallt að tryggja að allir einstaklingar hafi jafna möguleika á starfsþróun og jöfn tækifæri varðandi ábyrgð og úthlutun verkefna óháð kyni, kynþætti eða kynhneigð. Fjarðaál lítur til heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna og eru markmið númer 3 um góða heilsu og velferð og markmið númer 5 um jafnrétti kynjanna höfð að leiðarljósi í stefnu fyrirtækisins í mannauðsmálum.

### 4.2 UMHVERFI

Alcoa Fjarðaál fylgir eftir stefnu móðurfélagsins í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Frammistaða fyrirtækisins í þeim efnum er vöktuð með reglulegum mælingum með það að markmiði að tryggja stöðugar umbætur. Starfsemin skilur eftir sig umhverfisfótspor sem hefur verið kortlagt til að lágmarka áhrifin á innra og ytra umhverfi. Í starfseminni er unnið að því með markvissum aðgerðum, vöktun og stýringu að nýta auðlindir betur, lágmarka magn úrgangs og spilliefna frá starfseminni og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fjarðaál lítur til heimsmarkmiða númer 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu og númer 13 um aðgerðir í loftslagsmálum þegar unnið er að umbótum í umhverfismálum hjá fyrirtækinu.

### 4.3 EFNAHAGUR/VIRÐIS-KEÐJA

Samfélagsábyrgð Alcoa Fjarðaáls felst í því að tryggja fjárhagslega sjálfbærni fyrirtækisins og hafa jákvæð efnahagsleg áhrif í nærsamfélaginu. Alcoa Fjarðaál stuðlar markvisst að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi með því að bjóða út ýmsa stoðþjónustu til fyrirtækja í grennd við álverið. Á þann hátt gerir Alcoa Fjarðaál þeim fyrirtækjum kleift að byggja upp starfsemi sína samhliða uppbyggingu atvinnulífsins á svæðinu. Félagið gerir strangar kröfur til birgja og þjónustuaðila hvað viðkemur umhverfis-, heilsu og öryggismálum. Birgjar verða að uppfylla kröfur um samfélagsábyrgð auk þess að vera samkeppnishæfir í verði og þjónustu. Heimsmarkmið númer 8 um góða atvinnu og hagvöxt fellur vel að stefnu Fjarðaáls varðandi efnahagsmál.

### 4.4 SAMFÉLAG

Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á opið og virkt samtal við alla hagsmunaaðila. Félagið telur að forsenda þess að treysta hag hluthafa og hagsmunaaðila liggja í góðum og gegnsæjum stjórnháttum. Alcoa Fjarðaál á í nánun

samstarfi við hagsmunaaðila varðandi uppbyggingu innviða samfélagsins sem snerta samgöngur, nýsköpun, mennta- og félagsmál. Þar að auki leggja Alcoa Fjarðaál og Alcoa Foundation fé til ýmissa málefna, menningarviðburða og verkefna á Austurlandi. Alcoa Fjarðaál leggur mikla áherslu á að vera virkur þátttakandi í nærsamfélaginu og gagnvart sínum hagsmunaaðilum sem felst meðal annars í því að breiða út boðskap Heimsmarkmiða Sameinuðu Þjóðanna. Heimsmarkmið númer 17 um samvinnu varðandi markmiðin endurspeglar þær áherslur vel.

Alcoa Fjarðaál stuðlar markvisst að uppbyggingu atvinnulífs á Austurlandi með því að bjóða út ýmsa stoðþjónustu til fyrirtækja í grennd við álverið.

# 05

## SAMFÉLAGSMARKMIÐ ALCOA FJARÐAÁLS 2021



### Markmið

#### Mannauður (heilsa og öryggi)

	Heimsmarkmiðin (SDG)	GRI
Áframhaldandi innleiðing Jafnréttisvísis í samstarfi við Empower	SDG 5 – Jafnrétti kynjanna	203.1, 403.4, 404, 404.2, 405.1
Draga úr álagi og yfirvinnu með því að tryggja rétta mönnun í öllum teyllum	SDG 3 – Góð heilsa/ SDG 8 – Góð atvinna og hagvöxtur	403.9.c, 403, 403.1.a, 403.2.d
Fjöldi Forwood úttekta <sup>1</sup> verði 300 á mánuði	SDG 3 – Góð heilsa	403.1
Fjölga loftskiptahjálum í kerskála upp í 100	SDG 3 – Góð heilsa	305.7

### Umhverfi

HF losun á framleitt tonn verði undir 0,32 kg/t	SDG 13 – Loftslagsmál	305.1, 305.2
Vinna að endurvinnsluleið fyrir kerbrot (SPL)	SDG 13 – Loftslagsmál / SDG 12 – Ábyrg neysla	301.1.a, 301.2.
Hefja gróðursetningu í hlíðinni fyrir ofan kerskála Fjarðaáls	SDG 13 – Loftslagsmál	305.5.a
Bæta nýtingu kolefnis um 1,6% milli ára	SDG 13 – Loftslagsmál/ SDG 8 – Góð atvinna og hagvöxtur	305.2, 305.5.a

### Samfélag

Efla tengsl við íbúa á svæðinu með opnum íbúafundi	SDG 17 – Samvinna	
Halda fund með sveitastjórnarfólki á Austurlandi	SDG 17 – Samvinna	
Styðja við stofnun náttúruskóla fyrir börn á Austurlandi	SDG 12 – Samvinna / SDG 13 – Loftslagsmál / SDG 3 – Góð heilsa	203.2, 302.1

### Efnahagur/ virðisbætur

Vera með öll 336 rafgreiningarkerin í rekstri í lok árs	SDG 8 – Góð atvinna og hagvöxtur	301.1.a
Auka virðisaukandi framleiðslu á melmi um 22%	SDG 8 – Góð atvinna og hagvöxtur	301.2.a, 302.1
Bæta straumnýtni milli ára úr 93,1% í 93,6%	SDG 8 – Góð atvinna og hagvöxtur	302.1, 302.4.a

Árið 2021 mun Fjarðaál halda áfram að hafa öryggismál og öryggismenningu í í öndvegi. Starfsmenn munu vinna saman að því að skapa heilbrigða vinnustaðarmenningu og fjölskylduvænt starfsumhverfi. Innleiðing Jafnréttisvísis eykur fjölbreytni í starfsmannahópi og stuðlar að auknu jafnrétti á vinnustaðnum. Áfram er unnið að því að nýta tækni- nýjungar til að auka tækifæri í framleiðslu, auka samskipti á milli fólks og bæta framleiðni.

Alcoa Fjarðaál og starfsfólk Alcoa vinna á hverjum degi eftir gildum fyrirtækisins sem eru:

**Heilindi  
Árangur  
Umhyggja**

<sup>1</sup> Forwood mælir árangur í virkni mikilvægustu varnarlega starfsmanna við störf á framleiðslu- og viðhaldssvæðum.

# 06

## STARFSEMI ALCOA FJARÐAÁLS

Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls voru 544 að meðaltali árið 2020. Auk þeirra vinna að jafnaði um 250 verktakar á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á lóð álversins við ýmis störf.

Hlutverk álvers Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði er að framleiða ál á öruggan, hagkvæman og samfélagslega ábyrgan hátt. Stefna félagsins er að einbeita sér að þessari kjarnastarfsemi og láta öðrum fyrirtækjum eftir ýmsa stoðþjónustu sem tengist rekstrinum. Á þennan hátt stuðlar Alcoa Fjarðaál að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu. Alcoa Fjarðaál sf. að Hrauni 1 í Reyðarfirði hóf framleiðslu á áli í byrjun apríl 2007 og var framleiðslan komin í fulla afkastagetu í ágúst 2008. Framleiðslugeta álversins í dag er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári samkvæmt starfsleyfi. Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls voru 544 að meðaltali árið 2020. Auk þeirra vinna að jafnaði um 250 verktakar á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á lóð álversins við ýmis störf svo sem framleiðslu, viðhald, þjónustu og ráðgjöf. Fyrirtækið starfar samkvæmt starfsleyfi útgefnu þann 8. nóvember 2010. Starfsemi fyrirtækisins fellur undir fyrirtækjaflokk 2.1, álframleiðslu, samkvæmt reglugerð nr.

851/2002 um grænt bókhald. Gildistími starfsleyfisins er til 1. desember 2026 og eftirlit með starfsemi álframleiðslunnar er í höndum Umhverfisstofnunar. Heilbrigðiseftirlit Austurlands sér um eftirlit með margs konar stoðstarfsemi innan álverslóðar, svo sem verkstæðum, spennistöð og starfsmanna-aðstöðu.

### 6.1 FRAMLEIÐSLUFERLI

Framleiðslugeta Alcoa Fjarðaáls er allt að 360 þúsund tonn af áli á ári og er álið framleitt með rafgreiningu í 336 kerum. Framleiðsluferlið er sýnt á mynd 1. Ál verður til með rafgreiningu í kerum í kerskála. Þau eru úr stáli en fóðruð með eldföstum einangrunarefnum. Í kerunum eru bakskaut úr kolefni. Yfirbygging kersins heldur uppi forbökuðum forskautum, sjálfvirkum skurnbrjótum og mötum (e. pointfeeders) fyrir súrál og álflúoríð. Kerin eru höfð lokuð til að lágmarka hættuna á að gastegundir



komist út í kerskálana. Gasið er sogað burtu með afsogskerfi og leitt til þurrhrensivirkja þar sem hreint súrál er notað til þess að hreinsa flúor úr gasinu áður það fer út í andrúmsloftið um reyksháf. Þurrhrensivirkin hreinsa meira en 99,8% af heildarflúor úr afsogslofti keranna. Flúorinn er endurnýttur í rafgreiningarferlinu þegar hann fer með súrálínu aftur ofan í kerin. Þegar ker eru opnuð er afsog aukið til að lágmarka það afgang sem sleppur út í kerskála og andrúmsloft en sérstakar verklagsreglur gilda um umgengni við ker. Fljótandi ál er flutt úr kerskála til steypuskála í sérstökum deiglum. Þar er álið blandað íblöndunarefnum eftir pöntun kaupenda og mótað í endanlega afurð sem flutt er á markað í Evrópu. Steypuskálinn er hannaður með sveigjanleika í huga svo hægt sé að bregðast skjótt við breytingum á markaði. Á árinu 2020 skiptist framleiðslan upp í 64% álhleifar og T-barrar, 14% melmisstangir og 19% vír. Tæp 4% framleiðslunnar var frábrigðavara

sem var seld til endurbæðslu. Heildarmagn vöru frá steypuskála voru rúm 333.000 tonn. Framleiðsla steypuskála er vottuð samkvæmt ISO 9001:2015 gæðastjórnunarkerfinu. Í steypuskála er kælivatn til framleiðslu endurnýtt. Vatnið er hreinsað í vatnshrensivirki og leitt aftur inn á vélar steypuskálans. Ekkert vatn úr framleiðsluferlum er leitt í frárennsli.


Heildarmagn vöru frá steypuskála voru rúm 333.000 tonn. Framleiðsla steypuskála er vottuð samkvæmt ISO 9001:2015 gæðastjórnunarkerfinu.



HRÁEFNI

VINNSLA

ÚTFLUTNINGUR




**334.619**  
ÁL FRÁ KERSKÁLA Í TONNUM

**1,58** T CO<sub>2</sub>/T ÁL  
KOLTVÍSÝRINGUR (CO<sub>2</sub>)

**99.8%**  
FLÚORS ENDURNÝTTUR Í FRAMLEIÐSLU

**0,34**  
HEILDARFLÚOR KG/T ÁL



Helstu innfluttu hráefni Fjarðaáls koma annars vegar frá Brasilíu (súrál) og hins vegar frá Noregi (forskaut). Þá er álflúoríð flutt til landsins frá Noregi. Þegar súráli er landað í Mjóeyrarhöfn er það sogað upp úr lest skipsins og flutt með færíbandi í súrálssíló sem tekur 85 þúsund tonn.

**641.809**  
INNFLUTT SÚRÁL Í TONNUM

**6.281**  
INNFLUTT ÁLFLÚORÍÐ Í TONNUM

**4.832**  
RAFORKA Í GWH

**98.838**  
FERSKVATNSNOTKUN Í M<sup>3</sup>

**191.974**  
FORSKAUT, TONN

**14,32** KG/T ÁL  
BRENNISTEINSSAMBÖND (SO<sub>2</sub>)


**42.524**  
SKAUTLEIFAR TIL  
ENDURVINNSLU Í TONNUM

**0,144** T CO<sub>2</sub>-ÍG /T ÁL  
PFC EFNI

**2.139**  
ÁLRIKUR ÚRGANGUR TIL  
ENDURVINNSLU Í TONNUM

Fljótandi ál er flutt úr kerskála í steypuskála í sérstökum deiglum. Þar er álið mótað í endanlega afurð sem flutt er á markað í Evrópu. Fjarðaál framleiðir álhleifa, vír og melmisstangir.

**82.500.000.000**  
ÚTFLUTNINGSVERÐMÆTI Í KRÓNUM  
(610.000.000 \$)



Í steypuskála er kælivatn til framleiðslu endurnýtt. Vatnið er hreinsað í vatnshreinsivirki og leitt aftur inn á vélar steypuskálans. Aukaafurðir og spilliefni frá framleiðslu eru flutt til endurvinnsluaðila í Evrópu.

ÚTFLUTNINGUR  
STEYPUKÁLA Í TONNUM:

**212.428**  
ÁLHLEIFAR OG T-BARRAR

**45.005**  
MELMI

**63.697**  
VÍR

**12.690**  
FRÁBRIGÐAVARA



# 07

## UMHVERFISMÁL

Alcoa Fjarðaál setur sér metnaðarfull innri markmið í umhverfismálum á ári hverju.

Alcoa Fjarðaál vinnur að því að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi með markvissum aðgerðum og setur sér metnaðarfull innri markmið í umhverfismálum á ári hverju.

Fyrirtækið hefur frá því að álverið hóf rekstur staðið fyrir yfirgripsmikilli umhverfisvöktun í Reyðarfirði í samræmi við vöktunaráætlun sem er samþykkt af Umhverfisstofnun. Niðurstöður eru birtar árlega í ársskýrslu sem er aðgengileg á heimasíðum Alcoa Fjarðaáls og Umhverfisstofnunar. Tilgangur umhverfisvöktunarinnar er að meta áhrif starfsemi álversins á umhverfið í nágrenni þess.

Helsta uppspretta mengandi efna frá framleiðslunni í lofti er útblástur frá kerskála. Sá útblástur fer annars vegar upp um rjáfur skálanna og er hins vegar

sogaður burt frá kerum og leiddur um þurrhreinivirki eins og lýst er í kafla 6.1 um framleiðsluferli.

### 7.1 TILKYNNINGAR

Á árinu 2020 sendi fyrirtækið níu formlegar tilkynningar vegna frávika eða til upplýsingar til Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Þetta eru umtalsvert færri tilkynningar en árið á undan en ástæðuna má m.a. rekja til sameiginlegrar ákvörðunar fyrirtækisins og Umhverfisstofnunar að hætta að tilkynna um alla kerleka. Þá voru þeir einnig mun færri en árin tvö á undan. Fjórar af þessum níu tilkynningum varða mögulega sýnilega mengun frá starfsemi vegna verka sem þurfti að framkvæma; þrjár vegna lensuskurðar og ein vegna fóðrunar ofna í steypuskála.

Önnur atvik sem tilkynnt var um voru þessi:

- Í maí losnaði barki í einum af filterum í vestara reykhrainivirki Fjarðaáls með þeim afleiðingum að súráll lak úr filterum. Gert var við bilunina þegar hún komst upp.
- Í júlí var Umhverfisstofnun upplýst um háan HF styrk (loftkennt flúoríð) í útblæstri frá reykhrainivirki sökum bilunar í innmötun súráls inn í hreinsivirkið. Brugðist var við með því að lagfæra bilunina og auka súrálsflæðið inn á filterana þegar því var lokið.
- Í júlí var tilkynnt um að olíumagn í frárennsli frá olíuskilju á faratækjaverkstæði væri yfir starfsleyfismörkum. Farið var yfir verkferla með starfsmönnum og olíuskiljan hreinsuð.
- Í ágúst var tilkynnt um bilun í SO<sub>2</sub> mælitæki á vöktunarstöð 3. Mælirinn var sendur í viðgerð og mælir frá vöktunarstöð 4 var notaður á meðan.
- Olíuinnihald í frárennsli frá einni settjörð var yfir starfsleyfismarkmiði í nóvember. Ástæða atviksins er óljós en brugðist var við með því að hreinsa olíuna úr tjörninni.

### 7.1.1 Tilkynningar vegna kerleka 2020

Árið 2020 ákváðu fyrirtækið og Umhverfisstofnun að ekki væri tilkynnt um alla kerleka enda hefur verulega dregið úr þeim frá því sem var 2018 og 2019 þegar óstöðugleiki var sem mestur á kerlínunni. Nú er eingöngu tilkynnt um þá leka þar sem straumur er tekinn af kerskála þar sem það getur haft áhrif á starfsemi reykhrainivirkis. Tilkynningarnar koma fram í fyrstu ársfjórðungsskýrslu hvers árs til Umhverfisstofnunar. Árið 2020 urðu fjórir kerlekar hjá Fjarðaáli þar sem rjúfa þurfti straum samanborið við fjórtán árið á undan.

Kerlekar verða þegar hliðarfóðring eða botn kers gefur sig og fljótandi ál og/eða raflausn lekur úr kerum. Þetta gerist yfirleitt þegar ker er komið á sitt síðasta aldurskeið og óstöðugleiki í rekstri kersins veldur truflun á eðlilegum rekstri þess, með þessum afleiðingum. Til þess að efla öryggi í kerskála þá hefur eftirlit verið aukið með eldri kerum og sýnatökum úr þeim fjölgað. Þannig næst betur að hafa stjórn á flestum kerum sem lenda í þessum aðstæðum, en í sumum tilfellum, þar sem ekki næst að lagfæra rekstur keranna, leiðir það til kerleka. Við kerleka getur orðið mikið sýnilegt ryk og gufumyndun. Öryggi

starfsmanna er alltaf höfð í fyrirrími og fylgja starfsmenn ströngum viðbragðsáætlunum þegar um kerleka er að ræða. Viðbragðsáætlun í kerskála vegna kerleka miðar að því að hægt sé að bregðast eins skjótt við og mögulegt er, til að lágmarka hugsanleg umhverfis-, heilsu-, og öryggisáhrif sem svona atvik getur haft í för með sér.

### 7.2 GRÆNT BÓKHALD

Lykiltölur varðandi framleiðslu, hráefnis- og auðlindanotkun koma fram í kafla 7.2. sem er tafla yfir Grænt bókhald. Töfluna má sjá á bls. 20.

### 7.3 HRÁEFNIS- OG AUÐLINDANOTKUN

Framleiðsla áls árið 2020 var 334.619 tonn, sem er aðeins lægri en árið á undan og lækun um nær 300 tonn milli ára. Heildar rafmagnsnotkun á hvert framleitt tonn af áli var 14.440 kwh og lækkaði úr 14.451 kwh.

Rístitími<sup>1</sup> jókst árið 2020 og má fyrst og fremst rekja það til tækifæra í tæknilegri stýringu og miklum breytileika í gæðum hráefna þar sem hráefni kom frá ólíkum birgjum. Þar af leiðandi var

<sup>1</sup>Rístitími er mikil aukning á spennu í rafgreiningarkeri sem er í óstöðugleika meðal annars vegna tímabundins súrálskortts.



## 7.2 GRÆNT BÓKHALD

	Niðurstöður 2017	Niðurstöður 2018	Niðurstöður 2019	Niðurstöður 2020	Markmið 2020	Eining
<b>Framleiðsla</b>						
Hreint ál	353.733	346.535	334.858	334.619	-	t
<b>Hráefna- og auðlindanotkun</b>						
Súrál	681.290	667.423	643.765	641.809	-	t
Álflúoríð	7.216	7.067	7.292	6.281	-	t
Forskaut	196.467	199.845	198.245	191.974	-	t
Bakskaut	282	452	1.892	2.570	-	t
Vatnsnotkun	77.430	67.357	47.252	98.838	-	m <sup>3</sup>
Raforka	4.964	4.934	4.839	4.832	-	GWh <sup>1</sup>
Própan	155.991	151.196	215.802	264.643	-	l
Lífdísil - B10	3.271	-	-	-	-	l
Dísilólía	495.434	503.119	490.980	451.605	-	l
Bensín	5.369	7.503	9.252	14.250	-	l
<b>Notkun varasamra efna</b> önnur en talin eru upp og auðkennd með varúðarmerkingum í framleiðslu og hráefnis- og auðlindanotkun						
Þjöppusalli	52	75	488	600	-	t
Örveruhemjandi efni	63	62	48	38	-	t
Smurólía og smurfeiti	49.417	40.941	34.319	35.859	-	l
Kælimiðlar	94	336	524	363	-	kg
<b>Losun í andrúmsloft</b>						
<b>Heildarflúoríð</b>	<b>0,24</b>	<b>0,29</b>	<b>0,34</b>	<b>0,34</b>	<b>&lt;0,25</b>	<b>kg/t áli</b>
Þar af loftkennt flúoríð	0,14	0,18	0,13	0,22	-	kg/t áli
Þar af flúoríð í ryki	0,10	0,11	0,21	0,11	-	kg/t áli
<b>Brennisteinssambönd sem SO<sub>2</sub></b>	<b>14,10</b>	<b>13,74</b>	<b>13,95</b>	<b>14,32</b>	-	<b>kg/t áli</b>
Þar af frá forskautum	12,78	12,48	12,68	12,65	-	kg/t áli
Þar af frá súráli og COS	1,32	1,27	1,28	1,66	-	kg/t áli
<b>Ryk</b>	<b>0,30</b>	<b>0,40</b>	<b>0,40</b>	<b>0,39</b>	<b>&lt;0,4</b>	<b>kg/t áli</b>
Koltvísýringur (CO <sub>2</sub> )	1,51	1,54	1,60	1,58	-	t CO <sub>2</sub> /t áli
<b>Flúorkolefni (PFC)</b>	<b>0,068</b>	<b>0,077</b>	<b>0,115</b>	<b>0,144</b>	<b>&lt;0,1</b>	<b>t CO<sub>2</sub>-íg/t áli</b>
<b>Brennisteinshexaflúoríð (SF<sub>6</sub>)</b>	<b>0</b>	<b>0,92</b>	<b>0</b>	<b>0,14</b>	<b>0</b>	<b>kg CO<sub>2</sub>-íg/t áli</b>
<b>Úrgangur</b>						
<b>Til endurvinnslu/endurnýtingar</b>	<b>48.466</b>	<b>51.822</b>	<b>54.071</b>	<b>49.336</b>	-	<b>t</b>
Þar af skautleifar	43.714	46.432	45.651	42.524	-	t
Þar af álfleytur	19	14	1.235	921	-	t
<b>Úrgangur til brennslu (orkuvinnsla)</b>	<b>50</b>	<b>53</b>	<b>74</b>	<b>71</b>	-	<b>t</b>
<b>Úrgangur til urðunar</b>	<b>342</b>	<b>217</b>	<b>438</b>	<b>473</b>	-	<b>t</b>
<b>Spilliefni</b>						
<b>Til endurvinnslu/endurnýtingar</b>	<b>5.694</b>	<b>5.739</b>	<b>4.788</b>	<b>4.474</b>	-	<b>t</b>
Þar af kerbrot	1.331	1.025 <sup>4</sup>	0	0	-	t
Þar af álgjall	2.459	2.386	1.763	2.139	-	t
<b>Til urðunar</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>4.216</b>	<b>6.805</b>	-	<b>t</b>
<b>Til brennslu orkuvinnslu</b>	<b>143</b>	<b>96</b>	<b>85</b>	<b>109</b>	-	<b>t</b>
Þar af olíumenguð spilliefni	98	2	0	0	-	t
<b>Aukaafurðir</b>						
Raflausn	4.880	3.880	4.193	4.501	-	t
<b>Mælingar í frárennsli til sjávar<sup>3</sup></b>						
Olía og fita	<2	<2-7	<2	<2-10	-	mg/L
Ál	0,46-0,69	0,67-1,70	0,37-1,1	0,07-0,32	-	mg/L
Flúor	5,3-9,2	1-8,6	4,1-11	6,6-10,0	-	mg/L

<sup>1</sup> 1 GWh jafngildir 1.000.000 kWh.

<sup>2</sup> Hluti af magni spilliefna frá framleiðslu var sent til endurvinnslu á árinu 2017.

<sup>3</sup> Gildi gefin upp sem lægsta og hæsta mældu gildi fyrir árið.

<sup>4</sup> Vegna tafa í móttöku hjá úrvinnsluáðila var ekki hægt að senda kerbrot til endurvinnslu á árinu.

■ Árangur betri en innra markmið  
■ Innra markmið náðist ekki.

aukning á losun PFC efnafrá starfseminni. Hins vegar var betri nýtni á kolefnisskautum árið 2020 en árið á undan þannig að losun CO<sub>2</sub> vegna þeirra lækkaði milli ára. Notkun álflúoríðs dróst saman um 1000 tonn milli ára vegna breytingu á súrálsgirja þar sem eiginleikar mismunandi súrals kalla á mismunandi þörf á notkun álflúoríðs. Heildar flúorlosun var áþekkt milli ára og var áfram innan ársmeðaltals starfsleyfis, og flúor í grasi yfir sumartímann var undir viðmiðunarmörkum. Fylgst var með HF styrk í andrúmslofti á vöktunarstöðvunum, sérstaklega á stöð 2 líkt og undanfarin ár.

Árið 2020 náðist aukinn stöðugleiki á kerlinu Fjarðaáls miðað við árin á undan og er reiknað með að ná enn betri árangri á þessu ári og næsta með aukinni endurfóðrun kera. Í júlí fór hluti leiðarakerfisins í kerskálanum að hitna í kjölfar skemmdar og það leiddi til þess að lækka þurfti straum á línunni og að lokum til tveggja tíma straumleysis. Það er langur tími til að missa

Tafla 1

Samanburður aksturstíma ökutækja milli ára	2018	2019	2020
Lyftarar	22.037	23.000	12.045
Rafmagnslyftarar			9.593
Deiglubílar	10.752	9.791	9.435
Skautbílar	15.803	16.998	16.479
Baðbílar	3.372	2.543	3.693
Ryksugubíll	2.250	2.600	2.928
Moksturstæki	1.253	382	64
Sópbílar	285	300	321
<b>Samtals</b>	<b>55.752</b>	<b>55.614</b>	<b>54.558</b>
Aukning akstursstunda:	5.726		
Fækkun akstursstunda:		138	1.056

Tafla 2

Orkunotkun úr eldsneyti í gígajúlum	2018	2019	2020	Hlutfallsleg breyting milli ára
Biodíesel 10%	0	0	0	0,00%
Díesel	19.420	18.952	17.432	-8,02%
Bensín	257	316	487	54,02%
Própan	14.107	20.134	18.682	-7,21%
<b>Samtals orkunotkun</b>	<b>33.784</b>	<b>39.403</b>	<b>36.601</b>	<b>-7,11%</b>

■ minnkun ■ aukning

straum af kerlinu og í kjölfarið tók við erfíður tími þar sem óstöðugleiki var á starfseminni í nokkurn tíma á eftir.

## Árið 2020 voru endurfóðraðar 79 kerskeljar í kersmiðju Fjarðaáls sem rekin er af verktökum.


Árið 2020 voru endurfóðraðar 79 kerskeljar í kersmiðju Fjarðaáls sem rekin er af verktökum. Á árinu var innleidd ný kerhönnun og þegar byrjað var að nota ker sem voru fódruð með þeirri aðferð kom í ljós galli sem leiddi til þess að fódra þurfti 10 nýfóðruð ker upp á nýtt. Alls voru notuð um 1.600 bakskaut til þess að fódra skeljarnar og var heildarþyngd þeirra um 2.570 tonn. Líkt og árið á undan var notaður

umhverfissvænni þjöppusalli en áður hefur verið gert í endurfóðrunarferlinu, samtals um 600 tonn.

Allt kælivatn frá iðnaðarferlum er hreinsað í vatnshreinsivirki og endurnýtt í steypuskála, en vatnsnotkun Fjarðaáls er með því lægsta sem þekkt innan Alcoa samstæðunnar. Vatnsnotkun jókst á milli ára og var ferskvatnsnotkun um 99.000 m<sup>3</sup>. Þar af nýttu hleifasteypuvél og HDC lárétta steypuvél in í steypuskála Fjarðaáls um 58.100 m<sup>3</sup>. Á hverjum sólarhring eru 3.500 rúmmetrar af vatni hreinsað í vatnshreinsivirki Fjarðaáls og endurnýtt í steypuskálanum. Þar af fóru 13.722 m<sup>3</sup> vatninu í gegnum eimara árið 2020. Meðaltals uppgufun frá steypuvélum er 140 m<sup>3</sup> á sólarhring sem er um 40% uppgufun af rúmmáli kerfisins. Engu kælivatni frá iðnaðarferlum er veitt í frárennsli. Jafnframt er hluti varmans sem myndast frá kælivatni nýttur til húshitunar og snjóbræðslu á lóðinni.


Mynd 2

### LOSUN HEILDARFLÚORÍÐS (kg/t ál)




Mynd 3

### LOSUN RYKS (kg/t ál)



Mynd 4

### LOSUN BRENNISTEINSDÍOXÍÐS FRÁ FORSKAUTUM (kg/t ál)



Samanlögð notkun jarðefnaeldsneytis á farartæki lækkaði frá fyrra ári um 34.377 L. Notkun á dísilolíu lækkaði úr 490.980 L í 451.605 á milli árunna 2019 og 2020. Notkun á bensíni jókst úr 9.252 L í 14.250 sem má líklega skýra með auknum akstri smærri bíla vegna COVID faraldurs þegar takmarka þurfti aðgengi að rútum. Samanlagt var minni notkun jarðefnaeldsneytis á farartækjum og samsvarar það lækkingu á losun um 29 tonn ígilda CO<sub>2</sub>. Þegar akstur tímar ársins 2020 voru bornir saman við árið 2019 kom í ljós að akstur tími vinnutækja á álverslóð minnkaði um 1.056 klukkustundir. Sjá nánar um akstur tíma ökutækja í töflu 1.

## Samanlögð notkun jarðefnaeldsneytis á farartæki lækkaði frá fyrra ári um 34.377 L

Própan er notað til forhitunar á búnaði í steypuskála, m.a. mótum á hleifa-steypuvél. Notkun própans jókst milli ára eða um 48.841 L en skýringin á því er að stórir ofnar í steypuskála voru

endurfóðraðir á árinu og nota þurfti mikið gas til að forhita þá þegar þeir voru teknir í notkun á ný. Ef eingöngu er horft til notkunar á própangasi í framleiðslunni þá minnkaði hún milli ára. Heildarnotkunin nemur aukinni losun sem samsvarar 72 tonnum CO<sub>2</sub> ígilda.

Í töflu 2 er yfirlit yfir orkunotkun úr þeim eldsneytisgjöfum sem notaðir voru á svæðinu, en heildarorkunotkun í gígajúlum dróst saman um 7,1% árið 2020 miðað við árið á undan og kemur það til vegna minni notkunar á própani og díselolíu.

## 7.4 LOSUN Í ANDRÚMSLOFT

Fylgst er með losun helstu mengandi efna en þau eru loftkennt flúoríð (HF), ryk og brennisteinsdíoxíð (SO<sub>2</sub>) auk gróðurhúsalofttegundanna koltvísýrings (CO<sub>2</sub>), flúorkolefna (PFC) og brennisteinshexaflúoríðs (SF<sub>6</sub>). Upplýsingar um losun eru teknar saman í kafla 7.2 (Grænt bókhald).

Heildarlosun flúors var 0,34 kg á hvert framleitt áltonn og stóð í stað milli ára. Losunin var yfir innri markmiðum fyrirtækisins en undir starfsleyfismörkum. Heildarryklosun var undir innra markmiði fyrirtækisins og mældist

0,39 kg/t ál og lækkaði lítillega milli ára. Ryklosunin var vel undir starfsleyfismörkum.

Losun brennisteinsdíoxíðs (SO<sub>2</sub>) frá notkun forskauta var nokkuð undir mörkum eða 12,65 kg/t áls. Losunin var svipuð og fyrrri ár (mynd 4). Fylgst er vel með brennisteinsinnihaldi skauta og berast vikulega upplýsingar frá birgja. Heildarlosun brennisteins sambanda sem SO<sub>2</sub> nam 14,32 kg/t ál og jókst lítillega á milli ára.

### 7.4.1 Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun koltvísýrings (CO<sub>2</sub>) er reiknuð út frá notkun forskauta með massajafnvægisreikningum. Losun árið 2020 var 1,58 t CO<sub>2</sub>/t ál og lækkaði frá fyrra ári vegna betri nýtni skauta.

Á mynd 6 sést losun flúorkolefna (PFC) sem ígildi CO<sub>2</sub> á árunum 2016–2020. PFC er gróðurhúsalofttegund sem myndast við spennur í kerum og útblástur þessara efna er reiknaður út frá fjölda og tímalengd spennurisa. Árið 2020 voru losuð 0,144 tonn CO<sub>2</sub>-ígilda af PFC efnum á hvert framleitt áltonn. Þetta samsvarar að 6,1 tonn af PFC efnum er sleppt út í andrúmsloft. Losun á PFC efnum hækkar frá fyrra ári. Hækkunina má rekja til vannýtttra tækifæra í tæknilegri stýringu og

Tafla 3


Bein og óbein losun gróðurhúsalofttegunda í tonn CO <sub>2</sub> ígilda		Losun 2018 tonn CO <sub>2</sub>	Losun 2019 tonn CO <sub>2</sub>	Losun 2020 tonn CO <sub>2</sub>	Minnkun/aukning
Scope 1*	Kolefnisnotkun	533.467,4	535.558,0	527.153,7	1,57%
	Bein losun				
	PFC	26.559,8	38.641,0	48.347,9	25,1%
	Própan	231,3	329,0	401,0	21,9%
	Asetýlen	1,8	0,1	0,0	-67,7%
	Díesel	3,7	1,5	0,5	-60,4%
Scope 2	Díesel	1.348,4	1.267,5	1.228,4	-6,0%
	Óbein losun				
	Bensín	17,3	23,3	33,3	34,3%
	HFC	635,9	751,6	682,0	-9,3%
	SF <sub>6</sub>	318,1	0,0	48,0	100,0%
Scope 3	Notkun bílaleigubíla	3,4	4,1	1,3	-69,0%
	Óbein losun				
	Urðun	39,3	29,9	37,5	25,5%
	Flutningur í urðun	4,7	2,6	2,5	-3,8%

\* „Scope“ vísar til uppruna útblásturs gróðurhúsalofttegunda, þar sem 1 er beint frá framleiðslu, 2 óbein losun tengd orkunýtingu og 3 er önnur óbein losun.

■ minnkun ■ aukning


Mynd 5

### LOSUN KOLTVÍSÝRINGS (t CO<sub>2</sub>/t ál)




Mynd 6

### LOSUN FLÚORKOLEFNA SEM CO<sub>2</sub>-ÍGILDI (t ígildi CO<sub>2</sub>/t ál)



Mynd 7

### HEILDARNIÐURSTÖÐUR FLÚOR Í GRASI (µg/g)



Styrkur flúors í grasi. Appelsínugula línan sýnir mörk til viðmiðunar fyrir grasbíta sem sett hafa verið í vöktunaráætlun.

miklum breytileika í gæðum hráefna þar sem súráll kom frá ólíkum birgjum á árinu.

Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu hækkaði lítillega milli ára, eða um 1.330 tonn ígilda CO<sub>2</sub>. Þessi hækkun stafar helst af losun PFC efna. Á árinu voru notuð 2 kg af brennisteins-hexaflúoríð til fyllingar á rofabúnað.

## 7.5 FLÚOR Í GRASI - UMHVERFISVÖKTUN

Umhverfsvöktun Alcoa Fjarðaáls er yfirgripsmikil en hún er í samræmi við vöktunaráætlun á helstu þáttum umhverfis í Reyðarfirði, svo sem mælingar á loftgæðum og gróðurrannsóknir. Niðurstöðurnar eru kynntar í ársskýrslu sem kemur út í maí en hún er aðgengileg á vef Umhverfisstofnunar og vef Alcoa Fjarðaáls. Einn þáttur sem vel er fylgst með yfir sumarmánuði er styrkur flúors í grasi en niðurstöður þeirra mælinga eru sýndar á mynd 7.

Meðalstyrkur flúors í grasi sumarið 2020 var ívið lægri samanborið við gildi ársins 2019 eða 32,4 µg F/g af grasi sem er innan viðmiðunarmarka. Líkt og oft áður mælast gildin lág í byrjun sumars en fara hækkanði eftir því sem líður á. Í umhverfsvöktunarskýrslu má sjá nánari upplýsingar um mælingar á gróðurfari í Reyðarfirði. Í álverinu er starfandi stýrihópur allt árið um kring til að vakta þessa vinnu og árangur. Starfsfólk fær umhverfis-

fræðslu svo það átti sig á mikilvægu hlutverki þess í að lágmarka losun og vel er fylgst með áreiðanleika mengunarnarvarnarábúnaðar. Ytri þættir hafa einnig áhrif á styrk flúors í grasi svo sem veðurfar og staðhættir. Ástæðan fyrir því að fylgst er náið með flúorstyrk í grasi er til að tryggja heilbrigði dýra sem ganga í firðinum. Gott samstarf hefur verið við bændur sem stunda sauðfjárrækt í Reyðarfirði og hafa dýralæknar skoðað dýrin árlega. Niðurstöður rannsókna benda til þess að losun flúors hafi ekki áhrif á heilsufar dýra á svæðinu.

## 7.6 HÁVAÐI

Alcoa Fjarðaál mælir umhverfshávaða frá starfsemi sinni í samræmi við ákvæði starfsleyfis. Þessar mælingar eru gerðar á átta ára fresti samkvæmt mæliáætlun, eða ef gerðar eru breytingar á rekstri, í samræmi við reglugerð 724/2008 um hávaða. Samkvæmt áætlun voru þessar mælingar framkvæmdar árið 2020 og voru niðurstöður undir viðmiðunarmörkum reglugerðarinnar.

## 7.7 ÚRGANGSMÁL

Alcoa Fjarðaál hefur þá sýn að hægt sé að endurnýta eða endurvinnna allan úrgang og að urðun sé síðasti kostur. Fyrirtækið leggur áherslu á að leita leiða til að koma úrgangi og spilliefnum frá framleiðslu til endurvinnslu, en


markmið móðurfélagsins eru að árið 2030 fari engar aukaafurðir til urðunar. Flokkun á upprunastað er undirstaða þess að hægt er að koma stærstum hluta úrgangs til endurvinnslu frá fyrirtækinu. Þar að auki er stöðugt leitað tækifæra til lágmarkunar til að koma í veg fyrir myndun úrgangs.

## Markmið móðurfélagsins eru að árið 2030 fari engar aukaafurðir til urðunar.

Heildarmagn úrgangs á árinu 2020 var 61.168 tonn sem er lækkun um 4% milli ára. Þar af voru 88,1% endurunnin og 0,3% send til brennslu innanlands. Alls fóru 7.278 tonn af úrgangi til urðunar, eða tæp 11,9% af heildinni. Þetta er hækkun á milli ára, úr 7,3% og munar þar mestu um aukin magn kerbrota sem voru send til urðunar. Árið 2019 var ekki lengur unnt að senda þau í endurvinnslu líkt og áður og því lækkaði endurvinnsluhlutfallið. Þá er einnig urðaður sellulósi, sem er lífrænn úrgangur frá vatnshreinsivirki en hann er mjög lítið magn af heildinni sem fer til urðunar. Áfram verður leitað leiða til þess að lágmarka urðun og koma kerbrotum og sellulósa í nýtingarferli.




**HLUTFALLSLEG SKIPTING OG RÁÐSTÖFUN ÚRGANGS ÁRIÐ 2020**




**UPPRUNI**

- Aukaafurðir frá rekstri
- Spilliefni
- Spilliefni frá framleiðslu
- Aukaafurðir frá framleiðslu



**RÁÐSTÖFUN**

- Urðun
- Brennsla
- Endurnýtt/endurunnið



**TIL URÐUNAR**

- Til urðunar í tonnum

Mestur hluti, eða um 97% úrgangs verður til vegna framleiðslunnar og um 3% frá almennum rekstri. Á mynd 8 má sjá hlutfall úrgangs og spilliefna, annars vegar frá framleiðslunni og hins vegar frá almennum rekstri. Einnig sést hlutfallslegt magn úrgangs sem fór til urðunar af heildarmagni. Hreinsaðar forskautaleifar eru um 79% af heildarmagni þess úrgangs sem er sendur til endurvinnslu. Þær eru endurunnar í Mosjøen í Noregi og notaðar í ný forskaut og voru 22% af heildarmagni innfluttra forskauta.

**7.8 FRÁRENNSLI**

Skólp frá fyrirtækinu og nærliggjandi iðnaðarsvæði er meðhöndlað í hreinsivirki sem staðsett er á iðnaðarsvæðinu við Hraun. Skólpið fer í gegnum fjögurra þrepa hreinsun áður en því er veitt til sjávar. Föstum efnun úr skólp-hreinsistöð er komið til endurvinnslu í jarðvegsgerð í tengslum við skógrækt. Hreinsivirkið er rekið af þriðja aðila.

Frárennsli af svæðum þar sem unnið er með olíu eða efnavöru er leitt í gegnum olúskiljur og frárennsli frá eldhúsi er leitt gegnum fitugildru. Eru þær tæmdar reglulega og olíumenguðu vatni komið í úrvinnslu hjá viðeigandi aðilum þegar við á.

Yfirborðsvatn af iðnaðarlóð er leitt um settjarnir áður en það rennur til sjávar. Sýni eru tekin úr frárennsli tjarna að hausti og vori. Sýnin sem voru tekin að vori árið 2020 voru undir starfsleyfismörkum. Í sýni sem var tekið í nóvember kom í ljós að olíuinnihald í frárennsli frá einni settjörn var yfir starfsleyfismarkmiði. Ástæðan er enn óljós en brugðist var við með því að hreinsa olíuna úr tjörninni. Niðurstöður mælinga á áli, olíu/fitu og flúoríðum eru gefnar upp sem hæsta og lægsta gildi í kafla 7.2. Samkvæmt starfsleyfi má magn svifagna í frárennsli ekki aukast um meira en 10 mg/L miðað við mælt magn í innrennsli. Almenn var um lækkun svifagna að ræða fyrir afrennsli tjarnanna á árinu 2020.

**7.9 SAMFÉLAGSMARKMIÐ 2020 – ÁRANGUR**

**Standast vottun gagnvart ASI staðli á árinu**

Markmið stóðst en Alcoa Fjarðál var tekið út gagnvart ASI staðlinum í september 2020. Þar sem vottunin var gerð í fjarfundum vegna COVID er vottunin tímabundin þangað til úttektaraðilar komast á staðinn til að ljúka vottuninni. Sjá nánar í kafla 9 um samfélagsmál.

**Skipta út díselknúnum lyfturum fyrir rafmagnslyftara**

Markmið stóðst en Fjarðaal fjárfesti í upphafi árs í sex nýjum lípínknúnum lyfturum. Sjá nánar í kafla 9 um samfélagsmál.

**Að HF losun á framleitt tonn verði undir 0,250 kg/t**

Markmið stóðst ekki þar sem heildarlosun var 0,34 kg/t árið 2020.

**Standast kröfur gagnvart ISO 50001 um orkunýtni**

Markmið stóðst ekki þar sem ákveðið var að fresta þessari innleiðingu





# 08

## MANNAUÐUR

Starfsmenn Fjarðaáls voru um 544 á árinu 2020. Þar af voru konur um 25% starfsmanna sem er hæsta hlutfall sem þekkist innan Alcoa samsteypunnar.

Starfsmenn Fjarðaáls voru um 544 á árinu 2020. Þar af voru konur um 25% starfsmanna sem er hæsta hlutfall sem þekkist innan Alcoa samsteypunnar. Í framkvæmdastjórn Fjarðaáls sitja alls ellefu manns, þar af þrjár konur. Starfsmenn fylgja ýmist vinnustaðarsamningi Alcoa Fjarðaáls, AFLs og RSÍ, eða eru með einstaklingsbundna samninga þar sem launaþróun fylgir samningi VR við SA. Fjarðaál hefur þá stefnu að útvista þeim verkefnum í starfsemi sem ekki tilheyrir kjarnastarfsemi. Með þeim hætti rennir fyrirtækið stöðum undir uppbyggingu og rekstur annarra fyrirtækja á svæðinu og hefur þannig jákvæð áhrif á frekari atvinnuuppbyggingu á Austurlandi.


Samtals vinna um 250 manns á vegum annarra fyrirtækja í álverinu eða á álverssvæðinu. Alls hafa því um 800 manns atvinnu á álverssvæðinu við Reyðarfjörð. Verktakar hjá Fjarðaáli starfa meðal annars við rekstur mötuneytis, þrif, verkfræðihönnun og framkvæmd fjárfestingarverkefna, starfsmannaakstur, innkaup og lagerhald á rekstrarvörum og varahlutum, við vélsmíði og viðhald, hafnarstarfsemi og vöruflutninga svo eitthvað sé nefnt. Þessi starfsemi verktaka endurspeglar breytt starfssvið sem hefur jákvæð áhrif á nýsköpun og þróun á svæðinu. Mörg ný fyrirtæki hafa sprottið upp á svæðinu í gegnum árin með því að þjónusta starfsemi álversins.

Tafla 4

Búseta starfsmanna Fjarðaáls	2019	2020
Búseta í Fjarðabyggð	62,60%	61%
Búseta á Fljótsdalshéraði	30%	29%
Búseta annarsstaðar á Austurlandi	4%	6%
Búseta annars staðar á landinu	3,40%	4%


Mynd 9

### SAMSETNING VINNUAFLS EFTIR STÖRFUM



Mynd 10

### SAMSETNING VINNUAFLS EFTIR ALDRI



Tafla 5

Nýráðningar	2018	2019	2020
Fastráðningar	24	38	83
Tímabundnar ráðningar	15	11	6
Ráðningar sumarstarfsmanna	113	110	110
Íhlaupastarfsmenn í tímavinnu	55	50	61

Tafla 6

Búseta nýráðinna starfsmanna Fjarðaáls	2018	2019	2020
Búseta í Fjarðabyggð	75%	74%	78%
Búseta á Fljótsdalshéraði	17%	21%	19%
Bústa annars staðar á Austurlandi	0%	0%	0%
Búseta annars staðar á landinu	8%	5%	3%

## 8.1 VINNUSTAÐURINN

Árið 2020 er eitt af þessum árum sem fer í sögubækurnar enda árið sem kórónaveirufaraldurinn skók heimsbyggðina. Af þessum sökum var yfirbragð vinnustaðarins með öðrum hætti en vanalega. Fjöldatakmörkanir gerðu það að verkum að hluti starfsfólks vann að heiman frá sér stóran hluta ársins og ekki var hægt að halda árshátíð eða aðra viðburði á vegum fyrirtækisins. Starfsfólk Fjarðaáls sýndi mikla seiglu við erfiðar aðstæður árið 2020 og framleiðslan hélst óskert þrátt fyrir fordæmalaus tíma.

### 8.1.1 Viðbrögð við COVID-19

Líkt og hjá flestum fyrirtækjum setti heimsfaraldurinn sitt mark á starfsemi og reyndi á aðlögunarhæfni hjá starfsfólki og stjórnendum. Þegar ljóst var í hvað stefndi varðandi faraldurinn var settur á fót stýrihópur hjá fyrirtækinu sem samanstóð af framkvæmdastjóra mannauðs, framkvæmdastjóra umhverfis-, heilsu- og öryggismála, yfirmanni samskipta og samfélagsmála, framkvæmdastjóra rekstrarþróunar, hjúkrunarfræðingum Fjarðaáls og heilsusérfræðingi Fjarðaáls. Hópurinn fékk það hlutverk að skipuleggja þær aðgerðir sem grípa

þurfti til á hverjum tíma til að mæta sóttvarnaraðgerðum vegna COVID og sjá um að miðla þeim til starfsfólks.

Fjarðaál féll undir skilgreiningu þeirra fyrirtækja sem eru efnahagslega mikilvæg og hafði því leyfi til að starfa áfram þótt ekki væri hægt að uppfylla öll skilyrði sóttvarnarlaga. Þrátt fyrir það var lögð höfuðáhersla á að fara eftir öllum fyrirmælum t.d. um fjöldatakmörkanir, sóttvarnarhólf og svo framvegis. Heppnin var með Austurlandi í faraldrinum en þar komu upp fá smit og ekkert smit kom upp hjá Fjarðaáli. Þar sem Fjarðaál er

stærsti vinnustaður Austurlands er ljóst að það skipti sköpum að vel var staðið að sóttvörnum á vinnustaðnum enda hefur hann tengingu, ýmist beina eða óbeina, inn á fjölmörg heimili á svæðinu.

Stærsta aðgerðin sem gripið var til vegna sóttvarna var að breyta um vaktakerfi og hafði það mikil áhrif á framleiðslustarfsmenn fyrirtækisins. Farið var úr 8 tíma vaktakerfi yfir á 12 tíma tímabundið til að mæta sóttvarnarkröfum. Þannig var vaktahópum fækkað úr fimm í fjóra til þess að tryggja næga mönnun á vöktum þar sem fólk var ekki leyft að taka auka- og bætivaktir á þessu tímabili. Þessi breyting var gerð 28. mars en þegar talið var að faraldurinn væri á undanhaldi um haustið var skipt aftur yfir í átta tíma kerfi. Fljótlega eftir það kom hin svokallaða þriðja bylgja en í ljósi góðrar stöðu á Austurlandi var ákveðið að breyta ekki vaktakerfinu aftur heldur biðja og sjá til hver þróunin yrði. Sú ákvörðun var tekin eftir samtali við starfsfólk sem var orðið þreytt eftir mikið álag sem fylgdi því að breyta vaktakerfinu.

Á mynd 11 má sjá tímalínu helstu aðgerða sem gripið var til hjá Fjarðaáli í upphafi faraldursins og út árið var

fyrst og fremst verið að vinna með þessar sömu aðgerðir eftir því hvaða kröfur voru uppi hjá sóttvarnaryfirvöldum. Strax við upphaf faraldursins var komið á reglubundnum fundum með verktökum á svæðinu og lögð var áhersla á reglulegt upplýsingaflæði til starfsmanna.

Stýrihópur COVID-19 hjá Fjarðaáli átti mjög góð samskipti við fulltrúa sóttvarnarlæknis á Austurlandi og það var gott að geta leitað þangað þegar vafamál komu upp. Eins funduðu fulltrúar hópsins nokkrum sinnum með fulltrúa Almannaþingar ásamt fulltrúum frá hinum álverunum til að stilla saman strengi.

### 8.1.2 Starfsánægja

Árlega gerir Gallup vinnustaðargreiningu hjá Fjarðaáli þar sem starfsánægja er meðal annars könnuð. Árið 2020 mældist starfsánægja lægri en áður með meðaleinkunn upp á 3,86 við spurningu um ánægju starfsmanna með vinnustaðinn. Lækkun milli ára er 0,11. Mælt var á kvarðanum 1-5. Helstu þættir til að útskýra minni ánægju meðal starfsfólks undanfarin þrjú ár er fyrst og fremst erfiðleikar í rekstri og ýmis röskun á vinnufyrirkomulagi og aðbúnaði starfsfólks vegna COVID-19 ráðstafana. Í byrjun árs 2021 var

hafist handa við að kynna niðurstöður könnunarinnar fyrir starfsfólki en vegna samkomutakmarkana hefur ekki verið hægt að halda teymisfundum í stærri teyminum líkt og kerskála og þarf því að sæta lagi þegar slakað verður á sóttvarnarkröfum. Settar hafa verið fram aðgerðir til að auka starfsánægju og helgun.

### 8.1.3 Vinnustaðarmening

Teymi eru grunneiningar í skipulagi og stjórnun Fjarðaáls. Árið 2020 vann mannauðsteymi Fjarðaáls með teymisleiðtogum að innleiðingu styrkleikamiðaðrar þróunar og þjónandi forystu þar sem hugað er að virkni og líðan allra teymisfélaga út frá lykilkættum helgunar. Önnur teymisvinna og -fundir frestuðust árið 2020 vegna COVID. Þó reyndu teymin að nýta ýmis tækifæri til þess að brjóta upp hversdaginn á erfiðum tímum og nýttu sér oft tækina til þess. Þannig stóð til dæmis starfsmannfélagið Sóni fyrir barsvari á Teams.

Árshátíð fyrirtækisins var ekki haldin og þegar í ljós kom að ekki var heldur hægt að fara á jólahlaðborð ákvæð fyrirtækið í samstarfi við starfsmannfélagið að standa fyrir rafrænni jóla-skemmtun. Fólk var boðið að nálgast bakka með hátíðarmat til að njóta með

Mynd 11

## VIÐBRÖGÐ ALCOA FJARÐAÁLS VEGNA COVID-19

- 5. mars**  
**Undirbúningur hefst**
  - Fjarðarþrif eykur þrif innan Fjarðaáls.
  - Fundað með stærstu verktökum sem starfa innan Fjarðaáls. Viðbrögð og fyrirbyggjandi aðgerðir samrýmdar.
  - Vinna við viðbragðsáætlun hefst
  - Framkvæmdastjórn vinnur að neyðaráætlun
- 9. mars**  
**Undirbúningur heldur áfram**
  - Fundur með sóttvarnalækni Austurlands um stöðuna og aðgerðir Fjarðaáls
  - Takmörkun á móttöku gesta inn á svæði.
  - TEAMS rás komið upp til þess að miðla upplýsingum til starfsmanna
- 28. febrúar**  
**Fyrstu viðbrögð**
  - Stýrihópur skipaður sem metur stöðu og stjórnar aðgerðum
  - Ferðabann sett á innan Alcoa
  - Fundað með Eimskip og Fjarðabyggðarhöfnum um smíthættu vegna skipakoma á vegum Fjarðaáls

- 11. mars**  
**Fyrstu aðgerðir**
  - Starfsmenn í áhættuhópi sendir heim í samráði við heilsugæslu
  - Sameiginlegum snertiflötum í skrifstofu-byggingum fækkað og þrif aukin á snertiflötum almennt.
  - Sóttþreinsandi blautklútum dreift um fyrirtækið á kaffistofur, skrifstofur, stjórnherbergi og í farartæki. Starfsmenn eiga að þvo alla snertifleti fyrir notkun.

- 13. mars**  
**Frekari aðgerðir**
  - Dagvinnustarfsmenn sem geta unnið heima sendir heim.
  - Inn- og útgangur úr fyrirtækinu aðskilinn til þess að minnka samneyti milli vakta.
  - Áhersla lögð á að tryggja 2m fjarlægð milli starfsmanna í matsal, kaffistofum, búningasklefum, á vaktaskiptum og í röðum.

- 13. mars**  
**Frekari aðgerðir**
  - Stærri rútur notaðar svo hægt sé að virða 2m reglu, rútur þrifnar milli vakta og spritt sett í allar rútur.
  - Breytingar gerðar á mötuneyti, einungis tveir starfsmenn, aðgangur takmarkaður og þrif aukin. Borð og stóll þrifnir eftir hvern og einn.
  - Aukin aðskilnaður starfstöðva þannig að þau svæði sem geta borðað út á svæði fá mat sendan þangað þar sem matartímum er stýrt til þess að lágmarka smíthættu. Þetta á við um starfsmenn steypuskála, skautsmíðju og viðhalds.
  - Allur kvöld- og næturmat fer út á svæði.

- 14. mars**  
**Samkomubann sett á**
  - Samkomur með 100 manns eða fleiri bannaðar. Fjarðaál hefur þegar stigið þau skref sem þarf til að uppfylla það.

- 18. mars**  
**Fleiri aðgerðir**
  - Rútan klukkan 18 felld niður
  - Breytingar gerðar á inn/út-stimplun, fólk stimplar sig út á sínu svæði og reikniregla launa rýmkuð.

- 23. mars**  
**Samkomubann hert**
  - Fjarðaál starfar á undanþágu og herðir aðgerðir til þess að uppfylla hana. Til þess að tryggja að ekki séu fleiri en 20 manns saman komnir þá er talið inn í rútur og mötuneyti. Búningasklefar eru þrifnir á vaktaskiptum milli vaktþópa.

- 28. mars**  
**Breytingar á vaktakerfi**
  - Vaktakerfi breytt úr 8 tímum í 12 tíma. Með þessu er bæti-/aukavöktum útrýmt, fækkun ferða til og frá vinnu, og tryggir mönnun og sveigjanleika komi til sýkingar á vinnustaðnum.

- 3. apríl**  
**Aðskilnaður steypuskála**
  - Steypuskálinn er algerlega aðskilinn frá öðrum svæðum verksmiðjunnar. Búninga- og staða útbúin. Inn- og útgangur úr steypuskálanum aðskilinn til þess að minnka samneyti milli vakta.







Jóhann Óskar Þórólfsson leiðtogi í steypuskála er hér að sækja mat fyrir sitt fólk en á tímabili var steypuskálinn alveg einangraður frá öðrum hlutum verksmiðjunar og því gátu starfsmenn ekki nýtt mötuneytið. Með endurskipulagningu breyttist það þó þegar leið á árið.

fjölskyldunni heima fyrir og fylgjast með í streymi hátíðardagskrá sem var send út frá Egilsbúð í Neskaupstað. Þar flutti tónlistarfólk af Austurlandi fjölbreytt jólalög og Sóli Hólm kitlaði hláturtaugarnar með uppstandi. Til að tryggja að allt starfsfólk ætti kost á að sjá dagskrána var hún send út tvisvar.

Enn fremur má nefna að starfsmannafélagið Sómi gaf félagsmönnum sínum jólagjöf árið 2020 þar sem ekki var hægt að bjóða upp á árlega aðventuskemmtun fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra í álverinu líkt og hefð er fyrir.

#### 8.1.4 Kjaramál

Kjaramálin voru fyrirferðarmikil hjá Fjarðaáli árið 2020. Vinnustaðarsamningur Alcoa Fjarðaáls, AFLs Starfsgreinafélags og Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) rann út í lok febrúar 2020 og hófust viðræður í desember 2019. Í byrjun apríl 2020 tóku félögin og fyrirtækið sameiginlega ákvörðun um að fresta kjaraviðræðum með tilliti til þeirra aðstæðna sem sköpuðust í samfélaginu vegna COVID-19 faraldursins. Viðræður voru teknar upp á nýjan leik að hausti 2020 en sigldu í strand og var vísað til ríkissáttasemjara. Nýir samningar náðust svo í lok janúar 2021

og var skrifað undir þá 4. febrúar 2021 og þeir samþykktir með 94% greiddra atkvæða.

Annað mál er varðar kjör starfsmanna sem heyra undir vinnustaðarsamninginn var til umfjöllunar árið 2020 en um mitt ár tilkynnti fyrirtækið að við rýni á gildandi kjarasamningi frá 2016 kom í ljós að ranglega hefði verið staðið að framkvæmd orlofs hjá vaktavinnufólki. Fyrirtækinu yfirsást að taka tillit til styttingar á vinnuskyldu vaktavinnufólks og áhrifum þess á orlof. Af þeim sökum fengu starfsmenn lengra orlof en þeir áttu rétt á samkvæmt samningi. Ákveðið var að leiðrétta þetta frá og með orlofsárinu 2020 en ekki var gerð krafa á afturvirka leiðréttingu. AFL og RSÍ vísuðu málinu til Félagsdóms sem úrskurðaði Fjarðaáli í vil í desember 2020.

**Markmið fyrirtækisins er að laða fleiri konur til starfa og hafa aðgerðir tekið mið af því.**



## 8.2 KYNJAHLUTFALL OG STARFSMANNAVELTA

Hlutfall kvenna hjá fyrirtækinu árið 2020 var 25% samanborið við 23,5% árið 2019 svo það var jákvæð þróun. Markmið fyrirtækisins er að laða fleiri konur til starfa og hafa aðgerðir og markmið tekið mið af því. Hlutfall karla og kvenna er jafnara þegar litið er til sumarstarfsmanna. Fjarðaál hefur ávallt haft það markmið að jafna kynjahlutföll og byggja upp vinnustað þar sem allir fá jöfn tækifæri til að njóta sín og vaxa í starfi. Fyrirtækið hefur haft jafnréttismál í brennidepli til að skapa betri vinnustaðarmenningu sem byggir á jafnrétti og fjölbreytni. Stjórnendur fyrirtækisins eru vakandi fyrir tækifærum til að jafna kynjahlutföll og þegar auglýst er eftir nýju starfsfólki er tekið fram að störf henti fyrir öll kyn.

Starfsmannavelta hækkaði lítillega milli ára. Hún var um 8% árið 2019 en 10% árið 2020. Skýring á aukinni starfsmannaveltu milli ára er margþætt, sumir voru að flytja af svæðinu, aðrir að breyta til og nokkrum var sagt upp.


Mynd 12

### ENDURKOMUHLUTFALL EFTIR FÆÐINGARORLOF



Mynd 13

### ÁNÆGJA STARFSMANNA



Tafla 7

Starfsmannavelta eftir kyni	2018	2019	2020
Karl	4,56%	6,76%	10,19%
Kona	2,38%	1,02%	9,50%
<b>Samtals</b>	<b>6,94%</b>	<b>7,79%</b>	<b>19,69%</b>

Tafla 8

Starfsmannavelta eftir aldurshópum	2018	2019	2020
18-20	-	0,20%	0,20%
21-25	2,38%	1,01%	1,00%
26-30	1,78%	2,06%	2,21%
31-35	0,40%	2,05%	1,20%
36-40	1,19%	0,42%	1,20%
41-45	0,20%	0,82%	1,00%
46-50	0,60%	0,21%	0,40%
51-55	0,39%	0,20%	1,00%
56-60	0,59%	0,00%	0,60%
61-66	0,00%	0,40%	0,59%
66-	0,79%	0,41%	0,60%
<b>Samtals</b>	<b>6,94%</b>	<b>7,79%</b>	<b>10,00%</b>

## 8.3 JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttisáætlun Alcoa Fjarðaáls er unnin út frá lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Alcoa Fjarðaál stefnir að því að helmingur starfsmanna fyrirtækisins verði konur og tengir jafnréttisáætlun sína jafnframt við gildin sem Alcoa starfar eftir um allan heim. Í öllum starfsauglýsingum fyrirtækisins hafa störf verið auglýst fyrir bæði kyn en sú nýbreytni varð árið 2020 að byrja að auglýsa þau fyrir öll kyn. Störfin í álverinu eru þannig hönnuð að þeim má sinna á öruggan hátt óháð kyni.

Báðir foreldrar eru hvattir til að huga að samræmingu fjölskyldulífs og vinnu og axla jafna ábyrgð á uppeldi og umönnun barna sinna. Í stefnu fyrirtækisins er talað um mikilvægi þess að skapa fjölskylduvænan vinnustað þar sem öllum starfsmönnum líður vel. Hjá Alcoa Fjarðaáli er kynferðisleg og kynbundin áreitni og einelti ekki liðin og eru slík mál tekin föstum tókum. Ef mál af þessum toga koma upp þá er fylgt eftir skýrum

verkferlum til að tryggja heilbrigði og öryggi á vinnustaðnum. Í jafnréttisáætlun eru tilgreindir ábyrgðaraðilar að úrbótum og endurskoðun hennar. Framkvæmdastjóri mannauðsmála ber ábyrgð á að jafnréttisáætlun sé framfylgt. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á eftirfylgni jafnréttisáætlunar og frávíka frá henni með stuðningi jafnréttisnefndar Fjarðaáls. Því miður var jafnréttisnefndin ekki virk árið 2020 og stendur til að endurskoða hlutverk hennar og tilgang.

### 8.3.1 Jafnréttisvísir

Alcoa Fjarðaál tekur þátt í Jafnréttisvísir Capacent sem ætlað er að meta stöðu jafnréttismála innan fyrirtækisins. Ítarleg greiningarvinna liggur þar að baki og er markmiðið að koma á breytingaverkefnum til að bæta stöðu jafnréttismála og innleiða þau. Greiningarvinna hófst um miðjan október 2019 með viðtölum við starfsmenn Fjarðaáls og verktaka í álverinu. Ráðgert var að halda fundi með öllum starfsmönnum haustið 2020 en þeim var frestað vegna COVID-19 og fóru fram í byrjun árs 2021.

### 8.3.2 Laun kvenna sem hlutfall af launum karla eftir störfum

Tafla 9 sýnir laun kvenna sem hlutfall af launum karla, greind niður á starfsflokka í fyrirtækinu. Við launaákvæðanir sérfræðinga er tekið tillit til reynslu, menntunar og hæfni auk þess sem laun eru borin saman við það sem gengur og gerist á markaði með þátttöku í kjarakönnunum. Launaákvæðanir starfsfólks sem starfar í framleiðslu og iðnaði eru bundnar í kjarasamningi, en mikilvægir þættir í þróun launa þessara hópa eru starfsaldur og vinnufyrirkomulag. Þá getur það haft mikil áhrif til breytinga ef fáar konur eru í ákveðnum hópum eða hafa styttri starfsaldur t.d. í hópi iðnaðarmanna, tækna og sérmenntaðs starfsfólks. Engin kona er á vöktum í iðnaðarmannahópnum og það hefur áhrif á launahlutföllin.

### 8.3.3 Jafnlaunavottun

Sumarið 2017 hlaut Fjarðaál vottun samkvæmt jafnlaunastaðli velferðarráðuneytisins og var fyrsta stórfyrirtækið hér á landi til að hljóta þá vottun. Árið 2020 stóðst Fjarðaál endurvottun gagnvart staðlinum og hlaut þá heimild til að nota jafnlaunamerkið fyrir árin 2020-2023. Úttektin staðfesti að unnið er samkvæmt skjalfestu verklagi og að kynbundinn launamunur mældist ekki hjá Fjarðaáli.

## 8.4 STARFS- OG SIÐAREGLUR

Starfs- og siðareglur Alcoa eru vegvísir fyrir heilindi starfsmanna og góða stjórnarhætti. Markmiðið er að þær veiti starfsmönnum leiðsögn til að uppfylla viðmið félagsins hvað varðar góða viðskiptahætti sem snýr fyrst og fremst að því hvernig félagið vill stunda viðskipti í heiminum. Starfsreglurnar eru endurskoðaðar árlega og fá starfsmenn markvissa fræðslu vegna þessa. Starfsmenn eru hvattir til að tilkynna meðal annars brot af ýmsu tagi, líkt og spillingu, brot á mannréttindum, mismunum eða einelti, brot á hugverkaréttindum og mögulegar öryggisógnanir. Nánari

upplýsingar um starfs- og siðareglur má skoða í heild á vefsíðu fyrirtækisins, [alcoa.is](http://alcoa.is).

## 8.5 ÖRYGGI

Mikil áhersla er lögð á öryggi og heilsu starfsfólks og verktaka hjá Alcoa Fjarðaáli og eru þessi mál í forgangi ásamt umhverfismálum. Unnið er markvisst að því að lágmarka hættu á slysum, lágmarka mengun, efla heilsu og stuðla að öruggu vinnuumhverfi. Sú hugmyndafræði sem notast er við þegar kemur að því að greina hættur, meta aðstæður og fyrirbyggja frávik eða slys nefnist „Mannleg hegðun“. Þessi nálgun hefur reynst vel og góður árangur hefur náðst í fækkun alvarlegra frávíka. Starfsmenn beita einnig aðferðafræði sem kallast „stjórnun helstu áhættuþátta“ til að tryggja að réttu varnirnar gegn þekktum hættum séu ávallt til staðar. Mikil áhersla er lögð á rétt starfsfólks til að „Stoppa og leita sér hjálpar“ ef það upplifir óöryggi

eða hefur ekki næga þekkingu á verkinu sem er verið að vinna. Þá er skylda að halda verkfund áður en verk hefst ef hættu á slysum er talin vera til staðar.

Alcoa Fjarðaál fylgir stefnu sinni og móðurfélagsins í umhverfis-, heilsu-, og öryggismálum. Markvisst er unnið að umbótum í starfsumhverfi til að tryggja öryggi og heilsu starfsfólks. Öll slys og óhöpp eru skráð til að læra af þeim. Félagið er vottað af OHSAS 18001 heilsu- og öryggisstjórnunarkerfinu. Allir starfsmenn fá grunnþjálfun í umhverfis-, heilsu-, og öryggismálum. Hjá Alcoa Fjarðaáli eru starfandi 15 heilsu- og öryggisnefndir en hlutverk þeirra er að stuðla að bættu heilbrigði og öryggi á vinnustað. Tæp 10% starfsmanna taka virkan þátt í þessu nefndarstarfi á vinnutíma. Nefndir vinna að ýmsum mál efnem og koma að þjálfun svo sem í fallvörnum, „læsa, merkja, prófa“, „hættuleg efni“ svo einhver dæmi séu nefnd. Jafnframt stuðla nefndir að ýmsum endurbótum sem miða að því að gera vinnustaðinn

öruggari með því að útrýma hættum og bæta vinnuaðstöðu og verklag.

### 8.5.1 Slys og frávik gagnvart heilsu og öryggi

Slys, næstum-því-slys<sup>1</sup> og frávik gagnvart heilsu og öryggi eru skráð inn í atvikaskráningakerfi og tilkynnt í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Framkvæmdar eru rötargreiningar og fyrirbyggjandi aðgerðir innleiddar til þess að samskonar atvik endurtaki sig ekki. Á síðastliðnu ári voru skráð átta „næstum því slys“ og þrjú vinnutakmörkunarslys þ.e. þar sem starfsmaður slasast og getur því ekki sinnt sínu hefðbundna starfi í framleiðslunni. Tvö voru vegna falls á jafnsléttu og það þriðja vegna ertingar í lungum. Engin fjarveruslys urðu hjá Fjarðaáli síðastliðið ár.

Framkvæmdar voru um 8.790 öryggisúttektir samanborið við 4.884 úttektir árið á undan. Ástæða aukningarinnar er að úttektarkerfið Forwood var að fullu innleitt hjá Fjarðaáli árið 2020

<sup>1</sup>„Næstum-því-slys“ eru byggð á upplýsingum vegna óhappa sem urðu og hefðu hugsanlega getað valdið varanlegri örorku eða banaslysi.

Tafla 9

Laun kvenna sem hlutfall af launum karla eftir störfum	2018	2019	2020
Stjórnendur	92%	85%	90%
Sérfræðingar	95%	93%	92%
Verkfræðingar	88%	89%	94%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	80%	92%	96%
Skrifstofufólk	135%	100%	100%
Þjónustu-, sölu og gæslustörf	96%	0%	0%
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverka fólk	83%	83%	86%
Véla- og vélagæslufólk	96%	96%	94%

Tafla 10

Slys og slysatíðni	2016	2017	2018	2019	2020
Fjarveruslys	2	1	0	2	0
Næstum-því-slys	18	12	13	11	5
Tíðni fjarveruslysa	0,44	0,23	0	0,462	0
Tíðni meðferðaslysa	2,64	2,71	2,05	2,543	3,495
Tíðni allra slysa	17,63	14,26	16,4	14,33	16,543
Tíðni fjarveru og vinnutakmarkana	0,44	0,9	0,45	1,618	1,398

Tíðni vinnuslysa er gefin upp sem H-tala (H200), þ.e. fjöldi slysa á hverjar 200.000 vinnustundir. 200.000 vinnustundir samsvara vinnu 100 starfsmanna yfir árið.



# 35.000

VINNUSTUNDUM VARIÐ Í ÞJÁLFUN  
STARFSMANNA ÁRIÐ 2020




# 4%

AF VINNUTÍMA  
STARFSMANNA ÞAÐ ÁRIÐ




Mynd 14

### ÞJÁLFUN SEM HLUTFALL AF HEILDARVINNUNDAFJÖLDA



■ Þjálfunartímar  
 ■ Hlutfall af vinnutíma



og með því var sett meiri áhersla á að úttektir væru gerðar af starfsfólki á vinnusvæðunum sjálfum auk þess sem framkvæmdastjórar svæðanna hafa nú ríkari úttektarskyldu á öryggismálum. Þessar úttektir eru afar mikilvægar fyrir starfsmena því með þeim má koma auga á tækifæri til umbóta í öryggismálum áður en slys eiga sér stað auk þess sem þær stuðla að aukinni viðveru stjórnenda á framleiðslusvæðunum og að röng hegðun sé leiðrétt á staðnum. Sýnt hefur verið fram á fylgni milli tíðni úttekta og fækkunar slysa.

### 8.6 HEILSA OG VELFERÐ

Fjarðaáli er annt um heilsu starfsmanna sinna og leggur mikla vinnu í að fyrirbyggja atvinnutengda sjúkdóma eins og t.d. öndunarferasjúkdóma, heyrnarskerðingu, húðvandamál og langvarandi stoðkerfissjúkdóma. Á hverju ári er framkvæmdur mikill fjöldi mælinga á t.d. hávaða eða mengun í andrúmslofti starfsmanna, til þess að fylgjast með vinnuumhverfinu og tryggja að starfsmenn séu varðir á

þann besta hátt sem völ er á. Þessar mælingar stýra heilsufarsskoðunum starfsmanna sem fara fram á heilsugæslu Fjarðaáls, hvaða varnir starfsmenn þurfa að nota, ásamt umbótastarfi sem hefur það að markmiði að bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

### Fjarðaáli er annt um heilsu starfsmanna sinna og leggur mikla vinnu í að fyrirbyggja atvinnutengda sjúkdóma.

#### 8.6.1 Velferðarþjónusta

Öflug velferðarþjónusta er rekin fyrir starfsfólk og nánustu ættingja þeirra þar sem boðið er upp á ýmiss konar sérfræðiþjónustu. Þjónustan felur í sér að starfsmenn og nánustu ættingjar þeirra geta leitað aðstoðar hjá breiðum hópi fagaðila vegna

persónulegra erfiðleika eða óvæntra áfalla. Þjónustan er starfsmönnum að kostnaðarlausu og án milligöngu stjórnenda fyrirtækisins. Fullur trúnaður er viðhafður og upplýsingar ekki veittar til vinnustaðar. Um er að ræða sex tíma á ári á sviði fjármálaráðgjafar, lögfræðiaðstoðar, sálfræðiráðgjafar, lífsstílsráðgjafar og svefnefðerðar á netinu svo dæmi séu tekin. Algengast hefur verið að starfsmenn nýti sér lögfræði- og sálfræðiþjónustu.

#### 8.6.2 Heilsuefning

Hjá Fjarðaáli er starfrækt heilsuefningarnefnd sem skipuleggur ýmsa hreyfiviðburði og heilsuefningu fyrir starfsfólk en vegna COVID-19 lá starfsemi nefndarinnar niðri árið 2020. Meðlimir hópsins nýttu þó upplýsingasíðu sem þau halda úti á Teams, sem er nýttur sem innri vefur fyrirtækisins, þar sem gefin voru ýmis góð ráð á tímum COVID-19.

Á undanföllum árum hefur Blóðbankinn heimsótt Fjarðaál tvisvar á ári en þær heimsóknir féllu niður vegna COVID-19 árið 2020.

### 8.6.3 Heilsugæsla

Heilsugæsla Fjarðaáls er opin alla virka daga frá 8-16 og er þjónustan þar fjölbreytt. Til dæmis komu um 90 manns í lækni skoðun, 180 í öndunarmælingu og 309 starfsmenn í heyrnarmælingu. COVID-19 setti þó strik í reikninginn svo ekki var hægt að klára að kalla alla inn sem áttu að koma í skoðanir á árinu. Þá mættu 117 starfsmenn í inflúensubólusetningu.

Hjúkrunarfræðingar heilsugæslunnar sjá um almenna heilsufræðslu til starfsmanna og sjá um að skipuleggja komur lækna á staðinn þrisvar sinnum í mánuði. Á síðasta ári voru 110 skoðanir vegna sumarstarfsmanna og 83 vegna nýráðninga. Þá var boðið upp á þá nýjungu árið 2020 að bjóða starfsfólki upp á viðtöl vegna andlegra þátta. Þessi þjónusta var vel nýtt en viðtölin eru tekin af geðhjúkrunarfræðingi.

### 8.7 HLUNNINDI FASTRÁÐ-INNA STARFSMANNA

Starfsmenn Alcoa Fjarðaáls hafa aðgang að mötuneyti og heilsugæslu á vinnustaðnum. Jafnframt fá þeir fríar rútuferðir til og frá vinnu. Sex raftenglar eru á aðalbilastæði starfsmannabyggingar þar sem starfsmönnum gefst kostur á að hlaða rafbíl á vinnutíma. Tenglarnir hafa verið vel nýttir frá því að þeir voru settir upp og merkja má aukningu í notkun þeirra milli ára. Þá gefur fyrirtækið starfsmönnum sínum veglega jólagjöf á hverju ári sem samanstendur af matarpakka og óvæntri gjöf. Þar sem ekki var hægt að bjóða fólki upp á teymiseflingu með hefðbundnum hætti árið 2020 fengu allir starfsmenn inneign á gjafakorti til eigin nota.

Starfsmenn geta sótt um styrki vegna líkamsræktar, gleraugnakaupa, laseraðgerða á augum, meðferðar hjá hnykkilækni, sjúkraþjálfara, nuddara, fóttaðgerðasérfræðingi og vegna göngugreiningar og innleggja. Ristilspeglun í forvarnarskyni gegn

krabbameini fyrir 50 ára og eldri er að fullu greidd. Frá árinu 2010 hefur starfsmönnum gefist kostur á að greiða mánaðarlegt framlag í Styrktarsjóð starfsmannafélagsins Sóma. Þátttaka í sjóðnum er valfrjáls og greiðir Alcoa Fjarðaál mótframlag. Úthlutað er úr Styrktarsjóðnum til þeirra er í hann greiða vegna alvarlegra veikinda eða slysa í nánustu fjölskyldu.

### 8.8 STARFSÞRÓUN OG ENDURMENNTUN

Alcoa Fjarðaál leggur mikinn metnað í menntun, þjálfun og fræðslu starfsfólks á hverjum degi. Fyrirtækið býður starfsmönnum sem uppfylla vissar kröfur að stunda nám við Stóriðjuskóla Fjarðaáls en námið skiptist í grunnnám og framhaldsnám. Skólinn er samstarfsverkefni Fjarðaáls, Austurbrúar og Verkmennaskóla

Austurlands. Frá því að skólinn tók til starfa haustið 2011 hafa 126 nemendur útskrifast úr grunnnáminu og 99 úr framhaldsnáminu sem er sami fjöldi og árið á undan þar sem engin útskrift var frá skólanum árið 2020. Til stóð að útskrifa 20 framhaldsnema úr skólanum í desember 2020 en vegna tafa á náminu sem tengjast COVID-19 verður sú útskrift að vori 2021. Hlutfall kvenna í náminu er 25% og hefur aukist jafnt og þétt með hærri starfsaldri kvenna í framleiðslu hjá fyrirtækinu en þriggja ára starfsaldur er eitt af inntökuskilyrðunum í skólann.

Á árinu 2020 vörðu starfsmenn Fjarðaáls um 35.000 klukkustundum til þjálfunar, sem var lækkun á milli ára og má rekja til COVID-19 en aðeins var framkvæmd nauðsynleg þjálfun til að uppfylla öryggisstaðla. Hver starfsmaður notaði um 4% af sínum vinnutíma til þjálfunar á árinu samanborið við 5,3% árið á undan.

### 8.9 SAMFÉLAGSMARKMIÐ 2020 – ÁRANGUR

**Halda vinnufundi í anda Jafnréttisvísis Capacent með öllu starfsfólki til að ræða vinnustaðarmenningu.**

Þessu var frestað til ársins 2021 vegna COVID-19.

**Fram fari endurskoðun (Kaizen) á Stjóriðjuskólanum til þess að námið nýttist bæði starfsmönnum og fyrirtækinu betur.**

Þessi vinna hófst árið 2020 en þurfti að fresta vegna COVID-19 og verður lokið á árinu 2021.

**Ljúka fyrsta stigi þjálfunar starfsmanna á úttektarforritinu Forwood. Markmiðið er að 70 starfsmenn verði virkir úttektaraðilar í lok árs 2020.**

Markmiðið stóðst og í árslok voru 80 manns búnir að fá þjálfun í að gera úttektir með Forwood.

**Að auka hlutdeild kvenna í nýráðningum.**

Markmiðið náðist ekki þar sem hlutfall í nýráðningum var 44% árið 2020 samanborið við 45% árið 2019.



# 09

## SAMFÉLAG

**Alcoa Fjarðaál leggur áherslu á opið og virkt samtal við nærsamfélagið.**

Alcoa Fjarðaál telur að forsenda þess að treysta hag hluthafa og hagsmunaaðila liggja í góðum stjórnarháttum þar sem hlutverk og ábyrgð stjórnenda eru skýr. Fyrirtækið leggur áherslu á opið og virkt samtal við nærsamfélagið. Stjórnendur eiga í reglulegum samskiptum við hagsmunaaðila og funda með þeim um sameiginleg hagsmunamál. Alcoa Fjarðaál og Samfélags sjóður Alcoa (Alcoa Foundation) veita fé til mikilvægra málefna með áherslu á verkefni sem tengjast áhrifsvæði álversins. Alcoa Fjarðaál hefur vaktað samfélagsvísa frá því rekstur álversins hófst.

### 9.1 EFST Á BAUGI 2020

Hér verður farið yfir það sem bar hæst á árinu hjá Alcoa Fjarðaáli, bæði sem tengist starfsemi inn á við og út á við. COVID-19 hafði mikil áhrif á þá starfsemi sem lýtur að samfélagsmál-

um enda féllu flestir viðburðir niður og þá var dregið verulega úr þeim styrkjum sem fyrirtækið hefur veitt enda var mikill samdráttur hjá fyrirtækinu sökum faraldursins og lágs álverðs.

#### 9.1.1 Áhrif COVID-19 á samfélagsmál

Í kafla 8 um mannauðsmál var fjallað um hvernig tekist var á við áhættuna sem fylgdi COVID-19 og þær ráðstafanir sem þurfti að grípa til innan fyrirtækisins til að minnka líkur á smiti og halda starfsemi gangandi. COVID-19 hafði einnig gífurleg áhrif á samfélagslega tengd málefni þar sem ekki var hægt að halda neina viðburði. Þannig féllu niður fundir sem höfðu verið áætlaðir með hagsmunaaðilum og árlegir viðburðir líkt og árlegur kvennadagur Fjarðaáls þann 19. júní og Action sjálfboðaliðaverkefni. Fyrsti viðburðurinn sem var sleginn af vegna COVID-19 var árs hátíð starfsmanna sem átti að fara fram í mars. Þá var einnig búið að auglýsa Action verkefni



Frá afhendingu nýju rafmagnslyftaranna. Tor Arne Berg, forstjóri Fjarðaáls (t.v.) og Gísli Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Íslyft ehf.

Í samstarfi við Kraft – félag ungs fólks með krabbamein – og Krabbameinsfélag Austfjarða þar sem starfsfólki og almenningi var boðið að koma í matsal álversins og perla á þágu Krafts. Viðburðurinn átti að fara fram 10. mars en var aflýst.

Fyrirhugað var að halda árlegan fund með sveitastjórnarfólki á Austurlandi en ákveðið var að aflýsa honum árið 2020 og sömu sögu má segja um fyrirhugaðan íbúafund sem átti að halda í álverinu. Stefnir er á að halda þessa fundi árið 2021 og vonandi í álverinu ef aðstæður verða orðnar ásættanlegar til þess haustið 2021.

### 9.1.2 Helstu fréttir af starfsemi árið 2020

#### Nýir lyftarar

Í byrjun árs 2020 fékk Fjarðaál afhenta sex nýja rafknúna lyftara af tegundinni Linde frá fyrirtækinu Íslyft. Af þessu tilefni sótti framkvæmdastjóri Íslyft Fjarðaál heim og afhenti Tor Arne Berg forstjóra formlega fyrstu tvo lyftarana. Um var að ræða stóra fjárfestingu en lyftararnir sex kostuðu yfir 120 milljónir króna. Nýju lyftararnir hafa reynst vel og var 45% af allri lyftaranotkun árið

2020 tengd þeim en samtals eru 27 lyftarar í verksmiðjunni. Af þeim sökum dró verulega úr útblæstri frá þessum farartækjum og árið 2021 verður haldið áfram að skipta lyfturum sem eru knúnir með jarðefnaeldsneyti út fyrir rafmagnslyftara.

#### Ráðherraheimsókn

Þann 27. febrúar heimsóttu iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra Fjarðaál og fræddust um starfsemi og stöðuna sem áliðnaðurinn stóð frammi fyrir á þeim tíma. Eins fóru þau í skoðunarferð um verksmiðjuna og kynntust þannig starfsemi frá fyrstu hendi. Það var afar ánægjulegt að taka á móti ráðherrunum og þau voru líklega með síðustu gestum sem komu í heimsókn áður en kórónuveiran fór að láta á sér kræla og ákveðið var að taka alveg fyrir gestakomur í álverið nema um væri að ræða verktaka sem þyrftu að koma inn á svæðið til að sinna mikilvægum störfum.

#### ASI vottun

Eitt af stóru verkefnum ársins hjá Fjarðaáli var að sækjast eftir ASI vottun. ASI stendur fyrir Aluminium Stewardship Initiative og á heimasíðu

staðalsins er honum lýst svo: „Við sameinum framleiðendur, notendur og hagsmunaaðila í allri virðisæðju áliðnaðar til að hámarka framlag áliðnaðar að sjálfbærni samfélagi. Með samvinnu að leiðarljósi stefnum við að því að tryggja ábyrgja framleiðslu, hráefnanýtingu og stjórnun í áliðnaði.“ ASI vottun er mjög eftirsótt í álheiminum í dag þar sem hagsmunaaðilar, þar með taldir viðskiptavinir, geta treyst því að þau fyrirtæki sem ná að standast kröfurnar starfa á ábyrgan hátt í anda sjálfbærrar þróunar. Kröfuharðir viðskiptavinir horfa til þessarar vottunar.

## Eitt af stóru verkefnum ársins hjá Fjarðaáli var að sækjast eftir ASI vottun.

Í byrjun september hófst vottunarferli Alcoa Fjarðaáls gagnvart ASI staðlinum og fór úttektin fram með fjarviðtölum. Nú hefur Fjarðaál hlotið

tímabundna vottun (ASI Performance Standard Provisional Certification) þar sem aðeins var hægt að framkvæma hluta vottunarinnar með þessum hætti. Úttektaraðilar þurfa að koma á staðinn til að ljúka vottuninni og þá verða einnig tekin fjölmörg viðtöl við hagsmunaaðila og starfsfólk. Úttektin tók til álframleiðslu og framleiðslu á lokavöru hjá Fjarðaáli auk þess sem að birgðakeðjan var sérstaklega tekin út. Því til viðbótar var Alcoa Fjarðaál hluti af vottun móðurfyrirtækisins vegna birgðakeðju (Chain of Custody Standard Certification). Sá staðall gerir þær kröfur að birgðakeðja sé skráð fyrir efni sem framleidd eru og unnin í álframleiðslu. Til þess að fyrirtæki geti selt vörur með ASI gæðavottun þarf það að standast kröfur beggja staðlanna.

#### Innleiðing nýrra kerfa

Varðandi nýsköpun árið 2020 má nefna að teymi hjá Fjarðaáli nýtti sér gervigreind til þess að vakta búnað og draga með því úr hættunni sem tengist óvæntu viðhaldi. Tæknin kemur frá fyrirtækinu Senseye, en hún hefur getið sér gott orð fyrir að fylgjast með alls konar upplýsingum um búnað og lætur vita ef hættu á bilun er í aðsigi. Frá því að byrjað var að nota tæknina í álverinu hefur upptími aukist og viðhaldskostnaður minnkað.

Annað dæmi er að árið 2020 var hafist handa við innleiðingu á nýju snjallkerfi hjá Fjarðaáli sem heldur utan um hæfni, vinnulýsingar, bilanagreiningar og skilaboð. Kerfið ber nafnið Poka og er kanadískt. Poka er hannað fyrir framleiðslustörf og einfaldar aðgengi framleiðslustarfsmanna að upplýsingum með því að tengja allar helstu upplýsingar við QR kóða sem staðsettir eru víðs vegar á álverssvæðinu. Með því að skanna QR kóðann kemst starfsmaðurinn í allar þær upplýsingar sem hann þarf til að geta unnið verkefnið framundan samkvæmt réttu verklagi og af öryggi.

#### Nýr vefur sjálfbærni- og umhverfisverkefnis

Á árinu 2020 var farið í þá miklu vinnu að uppfæra vef sjálfbærni- og umhverfisverkefnisins sem er sameiginlegt verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar til að vakta áhrif af álvers- og virkjunarframkvæmdum (sjá nánar í kafla 9.5). Til að byrja með var flokkun vísa stökkuð upp og uppröðun þeirra breytt með það að markmiði að gera skipulag á heimasíðunni markvissara og auðveldara notendum að finna upplýsingar á henni. Þann 29. maí fór nýi vefurinn í loftið á slóðinni <https://www.sjalbfaerni.is>. Í desember fór svo enski hluti síðunnar í loftið á slóðinni <https://www.sustainability.is>. Með tilkomu nýrrar síðu er endurspegluð sú þróun sem hefur

orðið í upplýsingatækni og framsetningu efnis á síðustu árum.

## Rúmlega 100 sumarstarfsmenn voru ráðnir árið 2020 og þar af höfðu um 40 starfað hjá fyrirtækinu áður.

#### Óhefðbundin móttaka sumarstarfsmanna

Allt frá því rekstur Alcoa Fjarðaáls hófst hefur fyrirtækið treyst á sumarstarfsmenn til þess að leysa af starfsmenn sem eru í orlofi. Rúmlega 100 sumarstarfsmenn voru ráðnir árið 2020 og þar af höfðu um 40 starfað hjá fyrirtækinu áður. Móttaka sumarstarfsmanna var með óhefðbundnum hætti vegna varúðarráðstafana tengdum COVID-19. Öryggisnámskeið og allar kynningar fóru fram í gegnum samskiptaforritið Teams frá Microsoft. Nemendur voru þá heima hjá sér og það sama gilti um leiðbeinendur.

#### Stór viðhaldsverkefni í steypuskála og handvirk steypa


Steypuskáli Fjarðaáls var í brennidepli árið 2020 en þar fóru fram afar stór viðhaldsverkefni sem höfðu áhrif á alla starfsemi fyrirtækisins. Byrjað var á því að skipta út hringekju í hleifa-steypuvélinni í október. Fyrsta hringekjan var notuð frá upphafi rekstrar álversins til 2013 þegar henni var skipt út fyrir nýja. Á þeim tæpu átta árum sem liðin eru síðan þeirri framkvæmd lauk hafa um 1,5 milljónir tonna af hleifum verið steypar í hringekjunni. Hringekjan samanstendur af tíu einingum og undir henni eru sjöttíu hjólarammar. Byrjað var að undirbúa breytingar á henni árið 2019 með því að skipta út þremur af einingunum fyrir einingar úr ryðfríu stáli og það hefur reynst mjög vel, þannig að á árinu 2020 voru sjö nýjar einingar keyptar og þessar þrjár nýttar áfram.



Frá steypuskála: Endurnýjun ofnafóðringa á tveimur ofnum HDC steypuvélarinnar eftir 14 ára notkun. Gamla fóðringin er fleguð úr ofnunum með gröfu.

**HAGSMUNAAÐILAGREINING**

Fjarðaál hefur unnið greiningu á hagsmunaaðilum félagsins til að gera sér betur grein fyrir þörfum og áherslum hópanna. Hagsmunaaðilar skiptast í beina hagsmunaaðila, nærumhverfi, samfélag og alþjóðaumhverfi. Hagsmunaaðilagreining fyrirtækisins var gerð á hugarflugsfundum með þverfaglegum hópi starfsmanna. Taldir voru upp hagsmunaaðilar og þeir skilgreindir eftir snertifleti og mikilvægi.



Eldhressar konur á D-vakt í kerskála Fjarðaáls bjuggu til eftirlíkingu af kerskálum úr piparkökum og ýmsu sælgæti. Myndin er tekin í mötuneyti Fjarðaáls

Til að léttja undir með steypuskálanum á meðan viðhaldinu þar var sinnt var sett af stað handvirk steypa í kersmiðjunni. Stórum steypumótum var komið fyrir á gólfinu í austurenda kersmiðjunnar og krani fluttur þangað inn. Við handvirka steypu er hella beint úr áldeiglum í mótin og krafðist þetta góðs undirbúnings og skipulags auk ráðstafana til þess að tryggja öryggi starfsmanna við þessa vinnu. Handvirka steypan gekk afar vel og var nýtt bæði á meðan hleifasteypuvél var niðri og aftur þegar farið var í næsta stóra verkefni.

Í byrjun desember var farið af stað með enn stærra viðhaldsverkefni í steypuskálanum en þá var ráðist í að endurfóðra tvo 100 tonna ofna sem nýttir eru á HDC lárétu steypuvélinni. Samtímis var steypufæriband vélarinnar og fleira endurnýjað. Endurfóðrun ofnana var tímafrekasti þáttur alls verkefnisins og réð tímalínu heildarverksins. Allir aðrir þættir þurftu því að klárast innan þess tíma sem endurfóðrun tekur. Heildarkostnaður fyrir ofnana og steypufæriböndin var um hálfur milljarður króna. Þetta var í fyrsta skipti sem ofnarnir voru endurfóðraðir en líftími einangrunar

innan Alcoa er almennt í kringum átta ár. Þessar fóðringar höfðu enst í rúm þrettán ár, sem er með því besta sem gerist innan Alcoa. Helstu ástæðurnar fyrir þeirri góðu endingu eru meðal annars að natni starfsmanna við umhirðu ofnana hefur hefur verið til fyrirmyndar og að bestu fóðringarefni voru notuð í upphafi. Heildarverkefnið var rúmar fimm vikur í framkvæmd.

**Alþjóðleg gleðivika 16. – 20. nóvember**  
Móðurfélag Fjarðaáls, Alcoa Corp. stóð fyrir alþjóðlegri gleðiviku dagana 16. – 20. nóvember. Af því tilefni var regnbogafáni reistur við hún hjá aðalbyggingu Fjarðaáls og innri vefur starfsmanna var nýttur til að koma skilaboðum um mikilvægi fjölbreytileika á framfæri auk þess sem boðið var upp á fræðsluerindi á vegum móðurfélagsins.

**Piparkökukerskáli**  
Konurnar sem vinna á D-vakt í kerskálunum tóku sig saman fyrir jólin og bjuggu til eftirlíkingu af kerskála Fjarðaáls úr piparkökum. Verkið tók þrjú daga og var skálinn 100 cm á lengd og 60 cm á breidd. Það þurfti fimm kíló af flórsykri í glassúrinn sem fór á húsið og eitt kíló af Skittlesi sem var notað í

að skreyta þökin. Kit Kat var notað til að gera gang milli skálanna og reykháfurinn var gerður úr lakkrísróllum.

**9.2 HAGSMUNAAÐILAR**

Alcoa Fjarðaál er stórt fyrirtæki í litlu samfélagi og því fylgir mikil ábyrgð. Fjarðaál hefur ávallt lagt mikið upp úr góðum samskiptum við fjölbreytta hópa hagsmunaaðila með reglulegum fundum og samstarfi.

**9.2.1 Könnun meðal hagsmunaaðila**


Í byrjun árs 2019 framkvæmdi Gallup viðhorfskönnun meðal helstu hagsmunaaðila Fjarðaáls, annarra en íbúa og starfsmanna. Í þessari könnun var fyrst og fremst horft til birgja, verktaka og annarra samstarfsaðila. Markmiðið var að kanna viðhorf þessara aðila til fyrirtækisins og hvernig þeir meta árangur Fjarðaáls í samfélagsábyrgð. Í úrtakinu voru 110 aðilar og var svarhlutfall 65%. Markmiðið er að gera slíka hagsmunaaðilakönnun annað hvert ár og því var hún ekki framkvæmd árið 2020.

Í könnunni voru þeir sem það átti við spurðir hvort þeir myndu mæla með

Mynd 16


## SAMFÉLAGSÁBYRGÐ – NÁNIR HAGSMUNAAÐILAR

### Hversu vel eða illa stendur Alcoa Fjarðaál sig í eftirfarandi þáttum samfélagsábyrgðar?



Mynd 17

## JÁKVÆÐIR Í GARÐ ALCOA FJARÐÁLS Á AUSTURLANDI



Alcoa Fjarðaáli sem góðum viðskipta- aðila við önnur fyrirtæki. Alls sögðust 58% þátttakenda mæla með Fjarðaáli sem góðum viðskiptaáðila, 32% voru hlutlausir en 10% sögðust ekki mæla með því. Af þeim sem mæltu með Fjarðaáli sem góðum viðskiptafélaga nefndu flestir að fyrirtækið væri traust og þar ríkti fagmennska.

Á mynd 16 má sjá hvernig svarendur töldu Fjarðaál standa sig varðandi mismunandi áherslur samfélagsábyrgðar í byrjun árs 2019.

Af niðurstöðunum má álykta að helstu tækifæri fyrir Fjarðaál til að gera betur í samfélagsábyrgðarmálum felast í auknum samskiptum við almenning og að vinna nánar með hagsmunaaðilum sínum. Eins og áður sagði er áætlað að framkvæma þessa könnun annað hvert ár og þannig verður hægt að fylgjast með hvort breyttar áherslur og aðgerðir muni leiða til jákvæðra breytinga á þessum mælikvörðum. Þá voru þessar sömu spurningar, um árangur Fjarðaáls í samfélagsábyrgð, einnig lagðar fyrir almenning í nærsamfélaginu, á landinu öllu og starfsfólk Fjarðaáls.

### 9.2.2 Könnun meðal íbúa

Mikilvægt er að sátt ríki um starfsemi fyrirtækisins í nærsamfélaginu. Því skiptir sköpum að rækta það samband á markvissan hátt með samtali og samstarfi. Virkt samtal við samfélagið er ein af meginstöðum í samfélagsstefnu Fjarðaáls og árlega er mæld ánægja íbúa á Austurlandi með fyrirtækið. Í könnun sem Gallup framkvæmdi haustið 2020 reyndust 76% svarenda jákvæðir eða frekar jákvæðir í garð Alcoa Fjarðaáls og var ánægjulegt að sjá hækkun í því viðhorfi milli ára um 4%. Markmiðið er að 75% íbúa eða fleiri séu jákvæðir í garð fyrirtækisins og það náðist árið 2020.

Í sömu könnun var spurt hvernig íbúum á Austurlandi þyki Fjarðaál standa sig í nokkrum þáttum samfélagsábyrgðar. Niðurstöðurnar má sjá á mynd 18.

Íbúar á Austurlandi telja Fjarðaál standa sig best þegar kemur að

jafnréttismálum og heilsu- og öryggismálum. Fjarðaál stendur sig síst að vinna með hagsmunaaðilum og eiga í samskiptum við almenning. Þarna eru því tækifæri til úrbóta en þó ber að geta þess að í öllum spurningum voru vel yfir helmingur svarenda ánægðir með frammistöðu fyrirtækisins.

Líkt og minnst er á í kafla 8.1 er gerð árleg vinnustaðargreining hjá Fjarðaáli og þar var sama spurning, um samfélagsábyrgð, lögð fyrir starfsfólk. Á mynd 19 má sjá mat starfsfólks á því hvernig fyrirtækið stendur sig í samfélagsábyrgðarmálum. Líkt og hjá almenningi og nánnum ytri hagsmunaaðilum þykir starfsfólkinu Fjarðaál standa sig best þegar kemur að jafnréttismálum sem og heilsu- og öryggismálum. Lægstu einkunn árið 2020 hlaut liðurinn varðandi það hvort fyrirtækið hvetji starfsfólk til þátttöku í samfélaginu og þarf það ekki að koma á óvart þar sem enginn sjálfbodaliðaverkefni líkt og hefð er fyrir voru haldin á vegum fyrirtækisins árið 2020 vegna COVID-19.

## Fjarðaál leggur ríka áherslu á miðlun upplýsinga um starfsemi félagsins til íbúa á Austurlandi

### 9.2.3 Fjölbreytt upplýsingagjöf

Fjarðaál leggur ríka áherslu á miðlun upplýsinga um starfsemi félagsins til íbúa á Austurlandi þótt minna hafi farið fyrir því árið 2020 en oft áður. Útgáfa samfélagsskýrslu var vel auglýst í miðlum á svæðinu og á samfélagsmiðlum en í henni eru mikilvægar upplýsingar fyrir íbúa á svæðinu. Þá er Fjarðaál með fasta síðu mánaðarlega í Austurglugganum sem er héraðsfréttablað á Austurlandi og þar eru fluttar fréttir af fyrirtækinu. Árið 2018 stofnaði Fjarðaál síðu á Facebook og nýtir hana til að eiga í gagnvirkum

samskiptum við fólk og miðla upplýsingum varðandi Fjarðaál og áliðnaðinn á Íslandi.

Stjórnendur Fjarðaáls eiga í reglulegum samskiptum við aðra hagsmunaaðila svo sem bændur á svæðinu, þingmenn kjördæmisins og ráðherra sem hafa með málaflokka fyrirtækisins að gera. Fjarðaál er aðili að Samáli, samtökum álframleiðenda á Íslandi og að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins. Fjarðaál er einnig þátttakandi í samstarfi álvera í Noregi og á Íslandi í gegnum samtökin AMS en þar er unnið að sameiginlegum verkefnum á sviði umhverfis-, öryggis- og heilsumála. Góð upplýsingagjöf skiptir miklu máli í starfsemi fyrirtækisins bæði innan þess og í samskiptum við verktaka. Reglulegir starfsmannafundir eru haldnir með öllum starfsmönnum þar sem fjallað er um málefni og stöðu fyrirtækisins frá ýmsum hliðum. Einnig eru reglulegir fundir með verktakafyrirtækjum og birgjum þar sem farið er yfir helstu mál og stöðu í málaflokkum sem tengjast m.a. rekstri fyrirtækisins, umhverfi, heilsu og öryggi. Nánar má lesa um liðan starfsfólks og samskipti fyrirtækisins við það í mannauðskafla skýrslunnar.

Fjarðaál hvetur íbúa til þess að koma á framfæri ábendingum til fyrirtækisins í símanúmerið 470 7700 eða með tölvupósti á [fjarmaal@alcoa.com](mailto:fjarmaal@alcoa.com).

### 9.2.4 Fundir með sveitastjórnarfólki


Fundað er með bæjarráðum bæði Fjarðabyggðar og Múlaþings eftir því sem þurfa þykir, til að upplýsa bæjar- yfirvöld um það sem efst er á baugi hjá fyrirtækinu. Árlega er haldinn fundur í álverinu þar sem öllu sveitastjórnarfólki af Mið-Austurlandi er boðið en hann féll niður árið 2020 vegna COVID-19.

## 9.3 STYRKIR TIL GÓÐRA VERKA

Árið 2020 vorðu Alcoa Fjarðaál og Samfélagsstödur Alcoa (Alcoa Foundation) samtals tæpum 70


## SAMFÉLAGSÁBYRGÐ – ÍBÚAR Á AUSTURLANDI

## Hversu vel eða illa stendur Alcoa Fjarðaál sig í eftirfarandi þáttum samfélagsábyrgðar?



## SAMFÉLAGSÁBYRGÐ – STARFSFÓLK FJARÐAÁLS

## Hversu vel eða illa stendur Alcoa Fjarðaál sig í eftirfarandi þáttum samfélagsábyrgðar?



milljónum króna í styrki til hinna ýmsu samfélagsverkefna, fyrst og fremst á Austurlandi. Þetta er mikil lækkun milli ára en árið á undan voru veittar um 200 milljónir í styrki. Skýringin er sú að Fjarðaál hefur lokið samningi sínum við félagið Vinir Vatnajökuls sem var stærsti styrkurinn sem Fjarðaál veitti árlega auk þess sem árið 2019 kom til aukinna framlaga frá Alcoa Foundation til verkefna hjá Háskólanum í Reykjavík og Landgræðslu ríkisins. Enn fremur var dregið nokkuð úr samfélagsstyrkum frá Fjarðaáli árið 2020 vegna erfiðs rekstrarástands. Frá árinu 2003 hefur fyrirtækið varið samtals um 1,9 milljarði króna til samfélagsstyrkja af margvíslegu tagi. Ekki er veittur stuðningur til einstaklinga, stjórnmalasamtaka, trúfélaga eða til almenns reksturs félaga.

Í töflu 11 má sjá skiptingu styrkja í þeim flokkum sem Alcoa Fjarðaál veitir styrki í.

## 9.3.1 Styrktarsjóður Fjarðaáls

Um árabíl hefur verið starfræktur styrktarsjóður á vegum Fjarðaáls sem úthlutaði styrkjum til samfélagsverkefna tvisvar á ári. Í úthlutunarnefnd sat fólk víðsvegar að úr samfélaginu ásamt fulltrúum Fjarðaáls. Þessi sjóður var lagður niður árið 2020 vegna erfiðar rekstrarstöðu. Þrátt fyrir það voru veittir styrkir til nokkurra verkefna og ber þar hæst styrkur sem var greiddur í menntunarsjóð björgunarsveita á Austurlandi, þrjár milljónir króna. Þá veitti Fjarðaál menningarmiðstöðvunum í Múlaþingi og Fjarðabyggð veglega styrki til að standa fyrir menningarviðburðum, samtals fjórar milljónir og einnig voru greiddir styrkir til íþróttafélaga samkvæmt samningum. Nokkur verðug verkefni hlutu eina milljón króna í styrk á árinu, en þau eru:

- Verkefni á vegum Fjarðabyggðar og Múlaþings um að bjóða fjölnota tíðarvörur fyrir ungmenni í sveitarfélögunum.
- Barnmenningarhátíðin BRAS á Austurlandi.

- Fornleifarannsóknir á Stöð í Stöðvarfirði.

- Rauði krossinn á Seyðisfirði í kjölfar aurskriðunnar sem þar féll í desember.

## 9.3.2 Styrkir frá Alcoa Foundation

Samfélagssjóður Alcoa í Bandaríkjunum (Alcoa Foundation) hefur veitt samfélagsstyrki til verkefna hérlendis, mest megnis á Austurlandi, frá því að Alcoa hóf starfsemi hér á landi. Sjóðurinn leggur áherslu á að styðja við verkefni sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Sjóðurinn hóf samstarf við Landgræðslu ríkisins árið 2017 þegar veittur var styrkur til endurheimtar votlendis á Austurlandi. Árið 2019 var ákveðið að framlengja samstarfið og þá kaus Landgræðslan að beina kröftum sínum að uppgræðslu á viðkvæmum svæðum á Austurlandi. Þessi stuðningur hélt áfram árið 2020 þegar félagið fékk í sinn hlut 100 þúsund bandaríkjadali (um 13 milljónir).

Árið 2020 var efnt til samstarfsverkefnis stóru sveitarfélaganna tveggja á Austurlandi, Fjarðabyggðar og Múlaþings um að efla sjálfsvitund og sjálfstraust ungmenna í grunnskólum sveitarfélagsins. Verkefnið hlaut 100 þúsund bandaríkjadali í styrk frá sjóðnum og er til tveggja ára.

Háskólinn á Akureyri hlaut einnig styrk frá sjóðnum árið 2019 til að leggja drög að stofnun Háskólaseturs á Austurlandi í samstarfi við Austurbrú. Sá styrkur var ekki nýttur árið 2020 og var skilað aftur til sjóðsins þar sem forsendur verkefnisins breyttust.

Tafla 11

Styrkveitingar 2020 – upphæðir eftir flokkum	
Umhverfi og náttúruvernd	9.540.041
Öryggi og heilsa	6.280.000
Menntun og þjálfun	500.000
Menning og félagsstörf	8.300.000
Íþróttir	17.300.000
Action verkefni	0
Alcoa Foundation styrkir	27.370.000
<b>Samtals</b>	<b>69.290.041</b>

Stefnt er að því að Austurbrú fái styrkinn þar sem ljóst er að áframhald verður á verkefninu en því verður þó ekki stýrt af HA líkt og til stóð í fyrstu. Sá styrkur nam 50 þúsund dollurum (rúmum 7 milljónum króna)

## Verkefni um að efla sjálfsvitund og sjálfstraust ungmenna í grunnskólunum fékk styrk frá Alcoa

## 9.3.3 Skógrækt

Alcoa Fjarðaál hefur frá upphafi tekið þátt í átaki sem stofnað var til af móðurfélagi þess sem felst í að planta trjáum til að binda koltvísýring og hefur þetta verið gert hér á landi í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands og félög á svæðinu. Árið 2019 voru 8.500 plöntur gróðursett á vegum Skógræktarfélags Íslands með hjálp sjálfboðaliða. Gróðursetningin var hluti af þriggja ára verkefni, samtals 45.000 plöntur á árunum 2017–2019 sem Samfélagssjóður Alcoa styrkti með 60.000 bandaríkjadöllum (um 8,6 milljóna króna) gegnum American Forests. Á árinu 2020 gerði Samfélagssjóður Alcoa viðbótarsamning við Skógræktarfélagið upp á 15.000 dala styrk til frekari gróðursetningar en vegna skorts á framboði trjáplantna var gróðursetningunni frestað til 2021. Þá verða gróðursett 10.000 tré samkvæmt samningnum. Í árslok 2020 var



fjöldi plantna sem hafa verið gróður-  
settar á vegum Alcoa Fjarðaáls kominn  
í 157.264. Binding kolefnis í gróðri  
samsvarar bindingu um 314 tonna  
koltvísyrings frá því að gróðursetning  
hófst árið 2003.

#### 9.3.4 Einstakt tækifæri

Samfélagssjóður Alcoa hefur á undan-  
förnum árum styrkt 16-18 ára unglina  
sem eru áhugasamir um náttúru og  
vísindi til þátttöku í leiðangri um  
Yosemite þjóðgarðinn í Kaliforníu eða  
Shenandoah þjóðgarðinn í Virginíu.  
Ferðalagið, sem er á vegum Nature-  
Bridge-samtakanna, tekur tvær vikur  
en þátttakendur eru allir á sama aldri  
(fyrir utan fræðimenn og aðstoðarfólk)  
og koma víðsvegar að úr heiminum.  
Vegna COVID-19 féll ferðin niður árið  
2020.

Þá býður Samfélagssjóður Alcoa í  
samvinnu við náttúruverndarsamtökin  
Earthwatch starfsmönnum Alcoa  
að sækja um þátttöku í leiðangri á  
vegum samtakanna á hverju ári. Njú  
starfsmenn Fjarðaáls hafa farið í  
Earthwatchleiðangur á síðastliðnum  
árum og eftir það deilt reynslu sinni  
með öðrum starfsmönnum og samfé-  
laginu sem þeir búa í. Earthwatch féll  
einnig niður árið 2020.

#### 9.4 SAMFÉLAGSVIÐBURÐIR OG SJÁLFBODAVINNA

Starfsmenn Alcoa eru hvattir til þess  
að taka þátt í sjálfbodaliðastarfi  
og samfélagsverkefnum af ýmsu  
tagi. Vanalega stendur Fjarðaál  
fyrir nokkrum svokölluðum Action  
sjálfbodaliðaviðburðum á hverju ári.  
Action er stytting á orðasambandinu  
„Alcoans Coming Together In Our  
Neighbourhood“ Þessi hugmynd  
byggir á því að starfsmaður óskar eftir  
stuðningi annarra starfsmanna í formi  
vinnuframlags í sjálfbodavinnu. Þá eru  
félagar í samtökunum líka hvattir til að  
mæta, ásamt fjölskyldum sínum. Unnið  
er í fjóra tíma. Ef átta starfsmenn

eða fleiri mæta á viðburðinn, greiðir  
Fjarðaál 300 þúsund krónur beint til fé-  
lagasamtakanna til að standa straum  
af hráefniskostnaði t.d. málningu og  
þess háttar. Ef styrkurinn nemur hærri  
upphæð en verkefni krefst, rennur  
umframfjárhæðin til félagsins til að  
nýta til góðra verka. Á hverju ári má  
skilgreina hluta þessara verkefna sem  
svokallað „hreyfiverkefni“ en í því felst  
að starfsmenn Alcoa ásamt fjölskyldu  
þeirra og fleiri þátttakendum hreyfa  
sig saman (t.d. í sundi eða fjallgöngu)  
og styrkja um leið góðgerðarsamtök  
með 300 þúsund króna framlagi. Vegna  
COVID-19 voru engin Action verkefni  
árið 2020.

#### 9.5 SJÁLFBÆR PRÓUN Á AUSTURLANDI

Sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og  
Landsvirkjunar var sett á laggirnar árið  
2004 til að fylgjast með áhrifum fram-  
kvæmda og reksturs Kárahnjúkavirkj-  
unar og álvers í Reyðarfirði á samfélag,

umhverfi og efnahag á Austurlandi.  
Markmiðið er að fylgjast með þróun  
vísa sem í flestum tilfellum eru töluleg-  
ir mælikvarðar sem gefa vísbendingu  
um þróun umhverfis-, efnahags- og  
samfélagsmála á byggingar- og  
rekstrartíma álvers og virkjunar. Verk-  
efnið er kynnt á heimasíðunni [http://  
www.sjalfbaerni.is](http://www.sjalfbaerni.is). Gagnasöfnun á  
vegum fyrirtækjanna í verkefnið hefur  
nú staðið yfir í 17 ár og hefur það vakið  
athygli víða út fyrir landssteinana.

Árið 2020 sömdu Landsvirkjun, Alcoa  
Fjarðaál og Austurbrú um að Austur-  
brú sjái um áframhaldandi ráðgjafa-  
þjónustu, viðhald og þróun Sjálfbærni-  
verkefnisins næstu fjögur árin eða út  
árið 2024. Hlutverk Austurbrúar er,  
samkvæmt endurnýjuðum samningi,  
að vinna með stýrihópi verkefnisins að  
hvers konar kynningu þess, gagna-  
öflun, úrvinnslu gagna, undirbúningi  
funda, skipulagningu ásamt viðhaldi og  
rekstri á vef verkefnisins sem og önnur  
tilfallandi verkefni sem stýrihópur  
felur ráðgjafa að vinna.

#### 9.6 SAMFÉLAGSMARKMIÐ 2020 – ÁRANGUR

**Halda opinn íbúafund árið 2020 til að efla samskiptin við íbúa á  
svæðinu.**

Markmið stóðst ekki, frestað vegna COVID-19.

**Hefja samstarf við fræðslufulltrúa nærliggjandi sveitarfélaga um  
verkefni sem stuðlar að bættri sjálfsmynd unglina.**

Stóðst. Efnt til verkefnis í samstarfi við fræðslufulltrúa  
Fjarðabyggðar og Múlapings fyrir tilstuðlan styrks frá Samfélagssjóði  
Alcoa (Alcoa Foundation).

**Efla stuðning við Austurbrú um uppbyggingu Háskólaseturs á  
Austurlandi.**

Stóðst. Fjarðaál á fulltrúa í undirbúningshópi um uppbyggingu  
Háskólaseturs og unnið er í því að færa styrk sem fyrst fór til  
Háskólans á Akureyri yfir til Austurbrúar.



# 10

## EFNAHAGUR OG VIRÐISKEÐJAN

Alcoa Fjarðaál  
býður út ýmsa stoð-  
þjónustu til annarra  
fyrirtækja og gerir  
þeim þannig kleift  
að byggja upp starf-  
semi sína á svæðinu.

Megináherslan varðandi samfélags-  
ábyrgð Alcoa Fjarðaáls er að stuðla  
að uppbyggingu atvinnulífs á Austur-  
landi. Alcoa Fjarðaál býður út ýmsa  
stoðþjónustu til annarra fyrirtækja og  
gerir þeim þannig kleift að byggja upp  
starfsemi sína á svæðinu. Fyrirtækið  
hvetur viðskiptavini, birgja og þjón-  
ustuaðila til aukinnar samfélagslegrar  
ábyrgðar og hyggst jafnframt setja inn  
ný ákvæði þess efnis í frekara mæli í  
samstarfssamninga. Alcoa Fjarðaál  
tekur tillit til umhverfisstefnu birgja  
og þjónustuaðila sem fyrirtækið á  
viðskipti við.

#### 10.1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Í kerskálum Fjarðaáls eru 336 ker  
sem framleiða ál. Þau eru endurnýjuð  
á 5-7 ára fresti. Á árinu 2020 voru að  
meðaltali um 322 ker í rekstri. Fram-  
leiðslan var um 335 þúsund tonn sem  
er nokkuð minna en framleiðslugeta

verksmiðjunnar er. Ástæðan fyrir  
minni framleiðslu er að ekki var unnt  
að endurfóðra gömul ker jafnóðum og  
þau voru tekin úr rekstri. Áætlanir gera  
ráð fyrir að öll ker verði í lok  
árs 2021.

Alcoa Fjarðaál sf. selur alla framleiðslu  
félagsins til söluþyrntækis í Hollandi  
sem er eigu Alcoa. Meginið af fram-  
leiðsluvörum fyrirtækisins fer síðan til  
Evrópskra viðskiptavina. Súrálskaup  
Fjarðaáls á árinu 2020 voru 22% frá  
ALCOA OF AUSTRALIA-ALUMINA og  
78% frá ALCOA WORLD ALUMINA  
LLC í Brasilíu. Forskaut félagsins  
eru framleidd í Mosjoen í Noregi  
hjá ALCOA NORWAY ANS sem er í  
eigu Alcoa. Viðskiptasamningar milli  
tengdra félaga eru sambærilegir og  
við ótengd félög í samræmi við fjár-  
festingasamning ríkisins og Alcoa.

Vorið 2020 og fyrripart sumars voru  
markaðsaðstæður erfiðar vegna Covid  
19. Álverð var lágt og lítil eftirspurn

eftir melmi og því var tekjutap nokkuð vegna heimsfaraldursins. Lægst fór af-urðaverðið (LME) í 1.457 USD á tonnið í júlí og hæst í 1.932 USD í desember.

Framleiðsla á melmi á árinu var um 63% af áætlaðri melmisframleiðslu 2021. Markaðir hafa tekið við sér en í lok apríl 2021 var LME verðið komið yfir 2.300 USD á tonnið og umfram eftirspurn eftir melmi félagsins. Spár gera ráð fyrir vaxandi eftirspurn eftir áli og sérstaklega með lágu kolefnisfótspori. Kolefnisfótspor áls frá Alcoa Fjarða-áli er með því lægsta sem þekkist í álframleiðslu í heiminum. Framboð af áli frá Kína hefur haft veruleg áhrif á verðlagningu áls síðustu ár enda framleiðir Kína meiri hluta þess áls sem notað er í heiminum. Ljóst er að í Kína er ekki framleitt hlutfallslega mikið ál með lágt kolefnisfótspor.

## Spár gera ráð fyrir vaxandi eftirspurn eftir áli og sérstaklega með lágt kolefnispor.

### 10.2 LYKILTÖLUR

Útflutningsverðmæti Fjarðaáls á árinu 2020 nam 82,5 milljörðum íslenskra króna (610 M USD) og af þeim tekjum urðu um 38% eftir í landinu, eða um 31,6 milljarðar króna, í formi opinberra gjalda, launa og innkaupa frá innlendum birgjum á vöru og þjónustu.

<sup>5</sup> Opinber gjöld innihalda fasteignagjöld, vatnsskatt, gjöld til hafnarsjóða og tryggingagjöld.

<sup>6</sup> Alcoa á Íslandi ehf. og Reyðarál ehf. eru eignarhaldsfélög Alcoa Fjarðaáls sf.

Tafla 12

Lykiltölur - Upphæðir eru í milljörðum króna á gengi hvers árs	2018	2019	2020
Launagreiðslur og launatengd gjöld, þar með tryggingagjöld	6,7	6,8	7,1
Samtals greiðslur Fjarðaáls til íslenskra aðila	31,5	30,6	31,6
Brúttó útflutningur milljarðar ISK	88,6	81,4	82,5
Hlutfall innlendra innkaupa af heildartekjum félagsins	36%	38%	38%
Samtals opinber gjöld	1,0	1,1	1,1
Meðallaun starfsmanna í milljónum kr. á ári	8,8	9,1	9,4

Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum námu rúmum 7 milljörðum íslenskra króna.

Alcoa skilar verðmætum til samfélagsins með ýmsum hætti, meðal annars í formi skattgreiðslna en félagið greiddi 1,1 milljarð króna í skatta og opinber gjöld<sup>5</sup> á Íslandi árið 2020. Fjárfesting Alcoa Fjarðaáls á sínum tíma var ein sú mesta sem um getur í Íslandssögunni en hún nam um 230 milljörðum króna.

### 10.3 FJÁRMÖGNUN FYRIR-TÆKISINS

Árið 2003 var undirritaður fjárfestingarsamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcoa. Samningurinn byggir á lögum 12/2003 um heimild til samninga um álverksmiðju í Reyðarfirði sem samþykkt voru frá Alþingi 11. mars það ár. Samningurinn er opinber og öllum aðgengilegur á vef Alþingis. Fjarðaál hefur alla tíð starfað í samræmi við fjárfestingarsamninginn og almenn lög sem gilda í landinu.

Í lok árs 2018 var fjármögnun Alcoa á Íslandi<sup>6</sup> endurskoðuð af móðurfélaginu. Eigið fé fyrirtækisins var aukið um 1.169 milljónir dollara og var það nýtt til að greiða niður skuld Alcoa á Íslandi við móðurfélagið um samsvarendi upphæð. Á mynd 20 má sjá afleiðinguna af þessari breytingu en hún sýnir að vaxtagjöld samanborið við 75 milljón dollara árið 2018 voru 29 milljón dollara árið 2019 og 18 milljón dollara árið 2020.

Eins og komið hefur fram var fjárfesting Alcoa í Fjarðaáli ein sú mesta sem um getur í Íslandssögunni. Það er eðli fjárfestingar af slíkrri stærðargráðu að hagnaður af starfsemi fyrstu árin verður ekki mikill, ef nokkur, vegna mikilla afskrifta og hás fjármagnskostnaðar og hefur því áhrif á hvenær fyrirtækið byrjar að greiða tekjuskatt. Fjármagnsliðir, svo sem vextir af lánum, hafa áhrif á afkomu og þar með skattgreiðslur fyrirtækja. Fjármögnunin vegna álversins við Reyðarfjörð kom frá móðurfélaginu. Vextirnir sem Alcoa á Íslandi hefur greitt af þessum lánum hafa ávallt verið samkeppnishæfir miðað við vexti sem þekkjast á íslenska fjármálamarkaðinum. Samkvæmt fjárfestingarsamningi Alcoa við íslenska ríkið eru allir lánavextir félagsins frádáttarþærir frá skatti.


Alcoa á Íslandi hefur mikil og jákvæð áhrif á íslenskan efnahag með öflun gjaldeyristekna, innkaupum á innlendra vöru og þjónustu, greiðslu skatta og opinberra gjalda, sköpun fjölmargra vel launaðra starfa og almennum og viðtækum stuðningi við samfélagið á Austurlandi.

### 10.4 SAMSTARF VIÐ BIRGJA

Alcoa leggur áherslu á að stunda viðskipti á siðferðilegan og samfélagsvænan hátt í anda sjálfbærrar þróunar og hefur sömu væntingar til þeirra fyrirtækja sem skipt er við. Til að tryggja að þessari grundvallarreglu sé fylgt eftir er fyrirtækið félagi í


Mynd 20

### ÞRÓUN SKULDAR VIÐ MÓÐURFÉLAG, VAXTAGJÖLD OG AFKOMA ÁN VAXTA (ATOI)



Mynd 21

### ÞRÓUN VAXTA Á LÁNUM FJARÐAÁLS VIÐ MÓÐURFÉLAGIÐ



TRACE eftirlitskerfinu, sem rekið er af TRACE International. TRACE nýttir skilvirkar aðferðir til að framkvæma áreiðanleikakönnun til grunnviðmiðunar á kerfisbundinn hátt með því að safna upplýsingum frá fyrirtækjum um allan heim. TRACE ber þær upplýsingar saman við válista sem stjórnvöld ýmissa landa og alþjóðastofnanir hafa komið sér upp. Gerð er krafa um að ákveðin birgjar séu skráðir í þetta kerfi. Ekki hafa komið upp athugasemdir vegna birgja Fjarðaáls.

Alcoa hefur einnig valið fyrirtækið EcoVadis CSR til samtarfs. EcoVadis er sérhæft á sviði samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja og hefur innleitt rafræn kerfi til að auka gegnsæi, staðla skýrslugerð og auðvelda frammistöðu-þrófun og ferlaumbætur sem draga úr vinnuálagi vegna samfélagslegrar ábyrgðar fyrirtækja með því að gera þeim kleift að deila stigaspjaldi sínu með viðskiptavinum sínum.

Sérstakur forvalsgrunnur er notaður við val á birgjum sem vinna innan lóðar Alcoa Fjarðaáls, en nýir birgjar þurfa að svara spurningum samkvæmt birgjastaðli Alcoa. Á þeim forsendum er tekin ákvörðun hvort birgjar teljast hæfir til samstarfs. Lögð er áhersla á fylgni við gildandi lög og reglugerðir og ábyrgð í umhverfis-, heilsu- og öryggismálum. Einnig er gerð krafa um að umsækjendur svari spurningum varðandi spillingu og að vinnuréttindi starfsfólks séu virt. Alcoa Fjarðaál hefur þurft að hafna tveimur innlendum birgjum frá upphafi, sem ekki uppfylltu þær kröfur sem gerðar eru. Þær koma m.a. inn á öryggisþætti, líkt og slysa-tíðni og öryggismenningu.

Krafa er gerð um að fyrirtæki sem vinna fyrir Alcoa Fjarðaál uppfylli ákvæði kjarasamnings við stéttarfélag og gildir það jafnt um verktaka sem og þeirra undirverktaka. Einstaklingar verða að hafa náð 18 ára aldri til að fá að vinna á svæðinu.

Fyrirtækið á í reglubundnum samskiptum við birgja og hvetur þá til góðra verka í samfélags- og umhverfismálum og veitir leiðsögn ef svo ber undir. Jafnframt hvetur fyrirtækið starfsmenn birgja og verktaka að taka þátt í sjálfbærliðaverkefnum á vegum fyrirtækisins.

Leitast er við að lágmarka umhverfisáhrif frá innkaupum ár frá ári í gegnum vistvæn innkaup og gera árangur þeirra sýnilegan.

## 10.5 INNKAUPANET

Alcoa Fjarðaál er einn stofnfélaga Innkaupanets sem stofnað var árið 2014 í samvinnu við Umhverfisstofnun. Leitast er við að lágmarka umhverfisáhrif frá innkaupum ár frá ári í gegnum vistvæn innkaup og gera árangur þeirra sýnilegan. Stuðst er við umhverfismerkingar og -vottanir í innkaupum á vöru og þjónustu er koma að rekstri fyrirtækisins. Má m.a. nefna að fyrirtæki sem sinnir ræstingum á svæðinu er Svansvottað og Fjarðaál lágmarkar umhverfisáhrif með því að gefa ekki út prentað efni sem áður var dreift á heimili á Austurlandi, t.d. þessa samfélagsskýrslu.

## 10.6 SAMFÉLAGSMARKMIÐ 2020 – ÁRANGUR

### Standast vottun á IATF:16949 gæðastaðli á árinu

Stóðst ekki árið 2020 þar sem ákveðið var að fresta þessari innleiðingu um eitt ár vegna COVID-19.

### Endurvinnna innanhúss aukið magn af þekjuefni frá kerskála

Stóðst, endurvinnsla á kjallaraefni þrefaldaðist milli ára og fór úr 1.671 tonnum árið 2019 í 4.877 tonn árið 2020.

### Vinna í því að minnka aðföng sem koma með flugi og nýta meira skipasamgöngur til að draga úr kolefnisfótspori.

Markvisst var unnið að þessu markmiði og aðföng eingöngu fengin með flugi í neyðartilvikum.

### Ná og viðhalda stöðugleika í rekstri og auka þannig framleiðslu á vörum frá Fjarðaáli um 10 þúsund tonn milli ára.

Markmið stóðst að hluta þar sem stöðugleiki náðist í rekstri en framleiðslumagn jókst ekki milli ára.

# 11

## ÁRITUN ENDURSKOÐANDA Á GRÆNU BÓKHALDI KAFLA 7.2

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirfarið upplýsingar sem fram koma í umhverfisskýrslu Alcoa Fjarðaráls SF. fyrir árið 2020. Þetta er gert í samræmi við kröfur í reglugerð nr.851/2002 um grænt bókhald. Alcoa Fjarðaráls SF. er í flokki þeirra fyrirtækja sem falla undir viðauka þeirrar reglugerðar, flokk 2.1 álfamleiðsla. Umhverfisskýrslan er lögð fram af stjórnendum Alcoa Fjarðaráls SF. og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því mati sem ég læt í ljós á framsettum gögnum í umhverfisskýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin felur í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar og gögn sem sett eru fram í umhverfisskýrslunni séu í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins og niðurstöður viðurkenndra mælinga.

Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í umhverfisskýrslunni.

Ég tel að endurskoðunin sé nægjanleg traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfisskýrslan gefi góða mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2020, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.


Reykjavík, 23.04.2021  
VSÓ Ráðgjöf



Guðjón Jónsson  
efnaverkerfræðingur

# 12

## GRI -YFIRLITSTAFLA

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
<b>STEFNA OG GREINING</b>				
102-14	Ávarp forstjóra	Já	3	
102-15	Helstu áhrifaþættir starfseminnar, áhættur og tækifæri	Já	5, 6	
<b>UPPLÝSINGAR UM FYRIRTÆKI</b>				
102-1	Nafn fyrirtækis	Alcoa Fjarðaál sf.	6	
102-2	Helstu vörur og þjónusta	Já	6.1	
102-3	Staðsetning	Já	6	
102-4	Fjöldi landa og þau lönd sem fyrirtækið starfar í og hefur umtalsverð áhrif á nærsamfélagið	Á ekki við	Skýrslan tekur einungis yfir starfsemi Alcoa Fjarðaáls sf.	
102-5	Eignarhald og rekstarform	Já	6, 10.3	
102-6	Markaðir og viðskiptavinir	Já	6.1, 10.1	
102-7	Stærð og umfang fyrirtækis	Já	6	
102-8	Samsetning vinnuaflds	Já	8, 8.2	
102-41	Hlutfall kjarasamningsbundinna starfsmanna	Já	8	
102-9	Virðisbætur	Já	10, 10.4, 10.5 Sjá Supplier Standards á alcoa.com	
102-10	Umtalsverðar breytingar á tímabili	Já	Breytingar til að aðlagast sóttvarnareglum, sjá 8.1.1	

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
<b>ÞÁTTAKA Í YTRI VERKEFNUM</b>				
102-11	Notkun á varúðarreglum	Starfsreglur Alcoa		
102-12	Utanaðkomandi efnahags- umhverfis- og/eða samfélagsviðmið og reglur sem fyrirtækið fer eftir eða styðst við	Já	1, 2, 4, 6, 7, 8, 8.3.3, 8.4, 8.5, 9.1, 10.3	
102-13	Aðild að samtökum og/eða þar sem fyrirtækið á fulltrúa í stjórn, tekur þátt íslenskum/alþjóðlegum þrýstihópum verkefnum, leggur til fé eða lítur á aðild sem mikilvæga	Já	9.2.3	
<b>SIÐFERÐI OG HEILINDI</b>				
102-16	Stefna, reglur og gildi vegna siðferðilegra og lagalegra málefna/ Values, principles, standards, and norms of behavior	Já	Starfsreglur Alcoa Sjá undir Ethics and compliance á alcoa.com	
102-17	Skilgreining á innri og ytri ferlum sem fylgt er etir til að upplýsa um ósiðlega hegðun, lögbrot og mál tengd heilindum fyrirtækisins.	Já	2 Heilindalínan (Integrity Line)	
<b>STJÓRNARHÆTTIR</b>				
102-18	Stjórnarhættir	Já	<a href="https://www.alcoa.com/iceland/ic/pdfs/forysta-okkar.pdf">https://www.alcoa.com/iceland/ic/pdfs/forysta-okkar.pdf</a>	
102-24	Tilnefningar og ferlar varðandi val í nefndir og stjórnunarstöður.		Sjá undir Governance á alcoa.com 	
102-25	Ferlar sem koma í veg fyrir hagsmunaárekstra hjá framkvæmdastjórn	Já	Stefna Alcoa Corp. gegn spillingu Sjá undir Ethics and compliance á alcoa.com	
102-34	Eðli og umfang atriða/málefna sem vísað var til framkvæmdastjórnar	Á ekki við		
102-35	Skýrið kjarastefnu framkvæmdastjórnar	Já	Laun framkvæmdastjóra taka mið af markaðslaunum starfsmanna í sambærilegum störfum hjá fyrirtækjum í sambærilegum iðnaði og þróun á milli ára samkvæmt niðurstöðum kjarakannana	

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
<b>UMFANG OG TAKMARKANIR Á EFNISTÖKUM SKÝRSLUNNAR</b>				
102-45	Fyrirtæki sem eru inni í samstæðureikningi	Já	Þessi skýrsla nær eingöngu yfir starfsemi Alcoa Fjarðaáls sf.	
102-46	Greining á efnistöku, verkferlum og afmörkun skýrslunnar	Já	1	
102-47	Lýsing og skilgreining þátta sem höfðu áhrif á efnistöku skýrslunnar	Já	1	
103-1	Upplýsingar um takmarkanir á umfangi og efnistöku skýrslunnar	Á ekki við	Þessi skýrsla nær eingöngu yfir starfsemi Alcoa Fjarðaáls sf.	
102-48	Útskýring á breyttri framsetningu á upplýsingum miðað við eldri skýrslur	Á ekki við		
102-49	Útskýring á breytingum á framsetningu skýrslunnar er varðar umfang, takmarkanir og/eða mæliaðferðir	Á ekki við		

#### ÞÁTTAKA HAGSMUNAAÐILA

102-40	Listi yfir hagsmunaaðila sem starfa með fyrirtækinu	Já	9.2	
102-42	Skilgreining á vali hagsmunaaðila	Já	9.2 (Mynd 15)	
102-43	Samstarf við hagsmunaaðila og verklag, þ.m.t. tíðni samstarfs eftir eðli og hagsmunahópum	Já	7,9,9.2.1,9.2.2,9.2.3,9.2.4	
102-44	Helstu viðfangsefni og málefni sem hafa komið upp í tengslum við hagsmunaaðila og viðbrögð	Já	7.1,8.1.1,8.1.2,8.1.4,8.3.1,8.3.3,8.5.1,9.1.1,9.1.2,9.2.1,9.2.2,9.2.4	

#### VIÐFANGSEFNI SKÝRSLUNNAR

102-50	Tímabil skýrslugjafar	Almanaksárið 2020		
102-51	Dagsetning síðustu samfélagsskýrslu	Já	30. apríl 2020	
102-52	Tíðni skýrslugjafar	Já	Árleg	
102-53	Tengiliðir varðandi fyrirspurnir um skýrsluna	Já	Baksíða	
102-54	Ferli og skýrslugerð í samræmi við GRI staðla	Já	1	
102-56	Ytri ráðgjöf á stefnumótun og starfsháttum í tengslum við skýrslugerðina	Já	1	
102-55	GRI efnisyfirlit	Já	12	
102-22	Samsetning framkvæmdastjórnar og undirnefnda	Já	1, 2, 8, 8.5	
102-23	Tilgreinið hvort stjórnarformaður sé einnig framkvæmdastjóri	Já	Stjórnarformaður er ekki framkvæmdastjóri	

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
<b>EFNAHAGUR</b>				
<b>201</b>		Já		
201-1	Bein efnahagsleg verðmæti sem hafa skapast	Já	10.2	
201-2	Efnahagslegur tilkostnaður og aðrar hættur sem skapast vegna loftlagsbreytinga	Já	6, 7.4, 7.4.1: Starfsemi Fjarðaáls fellur undir viðskiptakerfi ESB um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við lög 70/2012 um loftslagsmál	
201-3	Tryggingar fyrirtækisins vegna bótaáætlunar	Já	Fjarðaál greiðir mótframlag í lífeyrisjóði starfsmanna í samræmi við gildandi kröfur	
201-4	Fjárhagsleg aðstoð frá hinu opinbera	Já	10.3	
<b>202</b>				
202-1	Byrjunarlaun eftir kyni miðað við lágmarkslaun á markaði	Já að hluta	8.3.2, 8.3.3	
202-2	Hlutfall æðstu stjórnenda sem hafa verið ráðnir úr nærsamfélagi fyrirtækisins	Já	10 af 11 meðlimum framkvæmdastjórnar koma úr nærsamfélagi eða 90%.	
<b>203</b>				
203-1	Áhrif fjárfestinga í innviðum og þjónustu	Já	10.2, 10.4, 9.3, 9.3.1, 9.3.2	
203-2	Óbein efnahagsleg áhrif	Já	10.4, 10.5	
<b>204 - Virðisæðjan</b>				
204-1	Hlutfall útgjalda til birgja í nærsamfélaginu	Já	10, 10.2	
<b>205 - Efnahagur</b>				
205-1	Áhættumat og aðgerðir til að auðkenna spillingu	Já að hluta/ ekki mæling á árangri en fjöldi atvika er skráð (þ.e. fjöldi tilkynninga)	Heilindalínan	
205-2	Miðlun og þjálfun til að sporna við spillingu	Já	8.4: Allir dagvinnustarfsmenn, rúmlega 150 fengu kennslu til að sporna við spillingu á árinu	
205-3	Staðfest atvik um spillingu og aðgerðir	Já (ef ekkert tilvik þá að greina frá því)	Engin atvik voru tilkynnt á árinu 2020.	
<b>206</b>				
206-1	Heildarfjöldi lögsókna og niðurstöður mála vegna brota á samkeppnislögum, auðhringjamyndun og einokunar.	Já (ef ekkert tilvik þá að greina frá því)	Engin brot voru tilkynnt á árinu 2020.	

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
<b>UMHVERFI</b>				
<b>301</b>				
301-1	Notkun hráefna eftir þyngd eða rúmmáli	Já	7.2, 7.3	
301-2	Hlutfall nýttara efna sem koma frá endurvinnslu	Já	7.2, 7.3, 7.7	
301-3	Tilvik um innkallaðar vörur og umbúðir	Á ekki við		
<b>302</b>				
302-1	Orkunotkun innan fyrirtækis	Já	7.2, 7.3	
302-2	Orkunotkun utan fyrirtækis	Já að hluta	7.2	
302-3	Orkunotkun á framleiðslueiningu	Já	7.3	
302-4	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun	Já	7.3	
302-5	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun vegna vöru og þjónustu	Ekki mælt		
<b>303</b>				
303-1	Heildarvatnsnotkun eftir uppruna	Já	Vatn er upprunnið frá vatnsbóli Fjarðabyggðar við Geithúsaá	
303-2	Stjórnun og áhrif vatnsrennslis	Já	7.3	
303-3	Vatnsupptaka - Heildarrúmal notað og endurunnið	Já	7.3	
303-4	Heildarrennslis og sundurliðun vatnsnotkunar	Já	7.3	
303-5	Heildarmagn vatnsnotkunar	Já	7.3	
<b>304</b>				
304-1	Starfsemi í nálægð við eða á vernduðum landssvæðum	Já	www.sjalbbaerni.is	
304-2	Áhrif starfsemi á líffræðilegan fjölbreytileika	Já að hluta	www.sjalbbaerni.is	
304-3	Verndaður eða endurreistur jarðvegur	Á ekki við		
304-4	Fjöldi tegunda á náttúruverndarlistum sem verða fyrir umhverfisáhrifum af starfsemi	Á ekki við		
<b>305</b>				
305-1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu	Já	7.4.1	
305-2	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar (Scope 2)	Já	7.4.1	
305-3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (Scope 3)	Já að hluta	7.4.1	
305-4	Magn gróðurhúsalofttegunda á framleiðslueiningu	Já	7.2	
305-5	Aðgerðir að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda	Já	7.2, 7.4.1.	

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
<b>UMHVERFI</b>				
305-6	Losun ósoneyðandi efna (ODS)	Fjarðaál notast ekki við ósoneyðandi efni í sinni framleiðslu		
305-7	Losun köfnunarefnisoxíðs (NOx), brennisteinsoxíðs (SOx) og önnur losun	Á ekki við	Losun þessara lofttegunda er óverulegur hluti af heildarlosun fyrirtækisins	
<b>306</b>				
306-1	Heildar vatnsfrárennslis eftir viðtökustað og gæðum	Á ekki við		
306-2	Tegund úrgangs og ráðstöfunaraðferðir	Já	7.3, 7.7	
306-3	Fjöldi tilvika og magn marktækra efnaleka	Já	7.1	
306-4	Flutningur og meðferð spilliefna	Já	Flutningur spilliefna er samkvæmt ströngu verklagi og sérstakir gámar notaðir undir þennan úrgang. Spilliefni eru flutt sjóleiðina til vottaðra endurvinnsluáðila.	
306-5	Áhrif frárennslis á vatnssuppsprettu	Engu frárennslis er veitt frá starfsemi	7.3	
<b>307</b>				
307-1	Atvik tilgreind þar sem ekki var fylgt eftir umhverfislögum og/eða reglugerðum	Já	7.1	
<b>308</b>				
308-1	Greining á nýjum birgjum byggt á umhverfisviðmiðum	Já	<a href="http://www.alcoa.com/global/en/who-we-are/ethics-compliance/pdf/Supplier_Standards.pdf">http://www.alcoa.com/global/en/who-we-are/ethics-compliance/pdf/Supplier_Standards.pdf</a>	
308-2	Neikvæð umhverfisáhrif innan virðisraðunnar og mótvægisáðgerðir	Já að hluta	<a href="http://www.alcoa.com/global/en/who-we-are/ethics-compliance/pdf/Supplier_Standards.pdf">http://www.alcoa.com/global/en/who-we-are/ethics-compliance/pdf/Supplier_Standards.pdf</a>	

#### MANNAUÐUR

<b>401</b>				
401-1	Heildarfjöldi og hlutfall nýrra starfsmanna og starfsmannavelta eftir aldurshópum	Já	8.8.2: Starfmannavelta er ekki skilgreind eftir búsetu.	
401-2	Hlunnindi fastráðinna starfsmanna í fullu starfi sem hluta- eða lausráðnir starfsmenn fá ekki	Já	8.7	
401-3	Fæðingaorlof - Hlutfall þeirra sem snúa aftur til vinnu eftir fæðingaorlof	Já	8 (Mynd 12)	
<b>402</b>				
402-1	Tilkynningar til starfsmanna varðandi breytingar á starfsemi fyrirtækisins	Já	Liður 4.5 í kjarasamningi Alcoa Fjarðaáls, Afls og RSÍ.	

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
<b>MANNAUÐUR</b>				
<b>403</b>				
403-1	Skipulag og stjórnun heilbrigðis og öryggismála	Já	8.5	
403-2	Áhættumat, áhættugreining og rannsókn á slysum	Já	8.5.1: Upplýsingar eru ekki gefnar upp eftir kyni	
403-3	Vinnueftirlit er varðar hættuleg störf	Já, að hluta	8.6	
403-4	Þáttaka starfsmanna í fræðslu og forvörnum á heilsu og öryggi í starfi	Já	Liður 7 í kjarasamningi Alcoa Fjarðaáls, Afls og RSÍ	
403-5	Heilsu- og öryggismálefni starfsmanna	Já	8.6.1, 8.6.2, 8.6.3	
403-6	Fræðsla til starfsmanna varðandi heilsu	Já	8.6	
403-7	Forvarnir og inngríp í tengslum við heilsu og þjónustu starfsmanna tengt viðskiptasamböndum	Á ekki við		
403-8	Starfsmenn sem falla undir sérstakt heilbrigðis- og öryggisstjórnunarkerfi	Já	8.5	
403-9	Atvinnutengd slysum	Já	8.5.1	
403-10	Atvinnutengd sjúkdómar	Já	8.6.3	
<b>404</b>				
404-1	Meðalfjöldi klukkustunda sem starfsmenn fá í þjálfun á ári eftir kyni og starfsgrein	Já	8.8: Mælt sem hlutfall af vinnutíma ekki skipt á kyn eða starfsgrein	
404-2	Námskeið eða þjálfun sem stuðla að því að efla tækifæri starfsmanna til framþróunar í starfi	Já	8.8: Mælt sem hlutfall af vinnutíma ekki skipt á kyn eða starfsgrein	
404-3	Hlutfall starfsmanna sem fá regluleg starfsmannasamtöl til þróunar í starfi, flokkað eftir kyni og starfaflokki	Já	Í vinnustaðgreiningu Gallup sögðust 65% starfsmanna hafa fengið endurgjöf á frammistöðu frá yfirmanni sínum síðustu 6 mánuði á undan og 66% starfsmanna voru sammála því að hafa fengið tækifæri til starfsþróunar á síðastliðnum 12 mánuðum	
<b>405</b>				
405-1	Fjölbreytileiki stjórnarhátta og starfsmanna	Já	8	
405-2	Hlutfall grunnlauna og hlunninda kvenna af launum karla eftir starfi og starfsstöðvum	Já	8.3.2.	
<b>406</b>				
406-1	Brot á vinnuréttindum og mótvægisáðgerðir	Já (tilgreina ef ekkert brot á sér stað)	Engin tilkynnt brot á árinu 2020	
<b>407</b>				
407-1	Starfsstöðvar og birgjar sem eru í áhættu varðandi brot á rétti einstaklinga til félagafrelsis og kjarasamninga	Já	Engin tilkynnt frávik á árinu 2020	
<b>408</b>				
408-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögulega geta brotið á réttindum barna	Já	Engin tilkynnt frávik á árinu 2020	

GRI staðlar	Titill	Skýrslugjöf	Kafli í skýrslu	Heimsmarkmið/SDG
<b>SAMFÉLAG</b>				
<b>409</b>				
409-1	Starfsstöðvar og birgjar sem mögulega geta brotið á vinnuréttindum starfsmanna	Já	Engin tilkynnt frávik á árinu 2019	
<b>410</b>				
410-1	Þjálfun starfsmanna í mannréttindastefnu eða verk-lagsreglum fyrirtækisins	Já	Human Rights Policy - Árlega eru haldin námskeið fyrir starfsmenn með fjár- og mannarforáð	
<b>411</b>				
411-1	Atvik þar sem brotið er á réttindum frumbyggja	Á ekki við		
<b>412</b>				
412-1	Fjöldi atvika sem hafa varðað mannréttindabrot	Á ekki við		
412-2	Þjálfun og fræðsla starfsmanna um mannréttindamál	Já	Human Rights Policy - Árlega eru haldin námskeið fyrir starfsmenn með fjár- og mannarforáð	
412-3	Samningar sem innihalda mannréttindaákvæði eða voru kortlagðir með viðmið mannréttinda að leiðarljósi	Á ekki við		
<b>413</b>				
413-1	Aðgerðir/verkefni í samstarfi við nærsamfélagið - Þróun og stöðumat.	Já	9.1.1, 9.2 - 9.3	
413-2	Starfsstöðvar sem gætu haft neikvæð áhrif á nærsamfélagið	Já	7	
<b>414</b>				
414-1	Kortlagning á félagslegum krítírum nýrra birgja	Já	10.4: 100%	
414-2	Neikvæð samfélagsáhrif í virðisæðju og aðgerðir	Já	10.4	
<b>415</b>				
415-1	Fjárframlag stjórnvalda	Engin fjárframlög frá stjórnendum		
<b>416</b>				
416-1	Mat á áhrifum á heilsu og öryggi á sviði vöru og þjónustu	Á ekki við		
416-2	Heilsa og öryggi - Atvik þar sem ekki var fylgt eftir lögum og reglum	Já	Ekkert atvik tilgreint á árinu 2020	
<b>417</b>				
417-1	Reglur varðandi merkingu á vöru og þjónustu	Á ekki við		
417-2	Atvik þar sem ekki var fylgt eftir reglum varðandi merkingar á sviði vöru og þjónustu	Á ekki við		
417-3	Atvik þar sem ekki var fylgt eftir vinnuferlum í kynningar- og markaðsmálum	Á ekki við		
<b>418</b>				
418-1	Kvartanir er varða brot á persónuvernd eða tap á gögnum viðskiptavina	Já	Engin staðfest atvik á árinu 2020	
<b>419</b>				
419-1	Atvik þar sem ekki er fylgt eftir lögum og reglugerðum á sviði félags- og efnahagsmála	Já	Alcoa Fjarðaál hlaut engar sektir á árinu 2020	

# STEFNU- YFIRLÝSING FJARÐAÁLS

## GILDI

### Heilindi

Við erum heiðarleg, ábyrg og fylgjum í hvívetna lögum og reglugerðum. Við tryggjum öryggi gagna og persónuupplýsinga fyrirtækisins. Við byggjum upp traust með opnum samskiptum við kaupendur, birgja og starfsfólk.

### Árangur

Stöðugar umbætur eru undirstaða góðs árangurs Fjarðaáls. Við stefnum alltaf að bestu gæðum og framleiðni til að mæta kröfum og fara fram úr væntingum viðskiptavina. Við erum stöðugt að finna nýjar leiðir til að vernda umhverfið og starfsfólk á sjálfbæran og samfélagslega ábyrgan hátt.


### Umhyggja

Við vinnum á öruggan hátt, stuðlum að velferð starfsfólks og eflum helgun þeirra með þjálfun, hvatningu og fjölbreytileika í samsetningu teyma. Hver einstaklingur nýtir hæfileika sína á eigin forsendum óháð uppruna, kyni og bakgrunni.

## FRAMTÍÐARSÝN

Alcoa Fjarðaál byggir upp fyrirtækjameningu með sameiginlegri sýn um sjálfbæra þróun og samfélagslega ábyrgð með gildi fyrirtækisins að leiðarljósi. Starfsmenn Fjarðaáls vinna á öruggan og ábyrgan hátt, með virðingu fyrir umhverfinu. Við förnum ekki umhverfis-, heilsu- og öryggisgildum fyrir hagnað eða framleiðslu.

Reyðarfirði, 1. október 2019



Tor Arne Berg  
Forstjóri Alcoa Fjarðaáls

### Ábyrgð og ritstjórn:

Dagmar Ýr Stefánsdóttir, yfirmaður samskipta og samfélagsmála hjá Alcoa Fjarðaáli, [dagmar.stefansdottir@alcoa.com](mailto:dagmar.stefansdottir@alcoa.com)

Ráðgjöf: Soffía Sigurgeirsdóttir, KOM ráðgjöf





